Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi

Lokaskýrsla

April 2021

Barnvænt sveitarfélag
Kópavogur 2021

1 HUGTAKIÐ BARN
2 ÖLL BÖRN ERU JÖFN
3 ÞAÐ SEM BARNINU ER FYRIR BESTU
4 RÉTTINDI GERÐ AÐ VERULEIKA
5 LEIÐSÖGN FJÖLSKYLDU
6 LÍF OG ÞROSKI
7 NAFN OG RÍKISFANG
8 PERSÓNULEG AUÐKENNI
9 TENGSL VIÐ FJÖLSKYLDU
10 TENGSL VIÐ FORELDRA Í ÖÐRUM LÖNDUM
11 VERND GEGN BROTTNÁMI
12 VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNA
13 FRELSI TIL AÐ DEILA HUGMYNDUM SÍNUM
14 SKOÐANA- OG TRÚFRELSI
15 FÉLAGAFRELSI
16 PERSÓNUVERND OG EINKALÍF
17 AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM
18 ÁBYRGÐ FORELDRA
19 VERND GEGN OFBELDI
20 UMÖNNUN UTAN FJÖLSKYLDU
21 ÆTTLEIDD BÖRN
22 BÖRN SEM FLÓTTAMENN
23 FÖTLUÐ BÖRN
24 HEILSUVERND, VATN, MATUR, UMHVERFI
25 EFTIRLIT MEÐ VISTUN BARNA UTAN HEIMILIS
26 FÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG AÐSTOÐ
27 NÆRING, FÖT OG ÖRUGGT HEIMILI
28 AÐGANGUR AÐ MENNTUN
29 MARKMIÐ MENNTUNAR
30 MENNING, TUNGUMÁL, TRÚARBRÖGÐ MINNIHLUTAHÓPA
31 HVÍLD, LEIKUR, MENNING OG LISTIR
32 VERND GEGN SKAÐLEGRI VINNU
33 VERND GEGN SKAÐLEGUM VÍMUEFNUM
34 VERND GEGN KYNFERÐISOFBELDI
35 VERND GEGN BROTTNÁMI, VÆNDI OG MANSALI
36 VERND GEGN MISBEITINGU
37 BÖRN Í HALDI
38 VERND Í STRÍÐI
39 BATI OG AÐLÖGUN
40 BÖRN SEM BRJÓTA LÖG
41 BESTU LÖGIN GILDA
42 ALLIR VERÐA AÐ ÞEKKJA RÉTTINDI BARNA
43-54 HVERNIG BARNASÁTTMÁLINN VIRKAR
BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Efnisyfirlit

Samantekt 5

Stýrihópur innleiðingar Barnasáttmálans hjá Kópavogi 6

Spurningarlistar frá UNICEF 6

1. Hvernig heppnuðust aðgerðirnar, voru þær í anda spurninganna í gátlistunum? 6
2. Hvaða áhrif hafði innleiðingin? 6
3. Hvað töldu ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins að hafi heppnast vel? 6
4. Hvert var mat barna og ungmenna sem unnu með stýrihópnum að verkefninu? 7
5. Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til að taka þátt í verkefninu? 7
6. Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess; hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heildrænum hætti innan sveitarfélagsins? 8
7. Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir að innleiðing verkefnisins var í gangi? 8
8. Voru tilnefndir einstaklingar innan stýrihópsins/sveitarfélagsins sem fylgdust sérstaklega með hvernig gekk að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar? 8
9. Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins? 8

Innleiðing aðgerðaráætlunar 9

Framkvæmd einstakra aðgerða 10

1. Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna 10
   - Aðgerð 1: Þróun mælaborðs um lífsgæði barna í Kópavogi 10
   - Aðgerð 2: Þróun hugbúnaðar til að auðvelda snemmtæka íhlutun 11
2. Þátttaka barna 12
   - Aðgerð 3: Markvisst leitað eftir viðhorfum barna og ungmenna 12
   - Aðgerð 4: Börn og ungmenni geti haft bein áhrif án milligöngu fullorðinna 14
3. Geðrækt, jafnræði, samkennd og virðing 16
   - Aðgerð 5: Geðrækt: að vinna með lífsgildin, gagnkvæma virðingu, jafnræði og samkennd 16
4. Fræðsla 19
   - Aðgerð 6: Auka þekkingu á Barnasáttmála hjá íbúum á öllum aldursskeiðum, sérstaklega með áherslu á börnin sjálf og þá sem vinna með börnum 19
   - Aðgerð 7: Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga þegar grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni 22
5. Menntun og skólinn 24
   - Aðgerð 8: Aukin tækifæri fyrir börn og ungmenni að leita eftir aðstoð án þess að þurfa að fara fyrst til foreldra eða forráðamanna eða gegnum formlegar beiðnaleiðir 24

Aðgerð 9: Skoða og leggja mat á álag á börnum og ungmennum á öllum skólastigum 26
Aðgerð 10: Fara yfir vinnuaðstöðu barna í grunnskólum á grundvelli niðurstaðna kortlagningar 27
Aðgerð 11: Forvarna- og heilsueflingarmál yfirfarin 27
6. Umhverfismál 32
Aðgerð 12: Að virkja áhuga barna á umhverfismálum, fræða þau og tryggja aðkomu þeirra í málaflokknum 32
7. Stjórnsýsla 34
Aðgerð 13: Yfirfara og skerpa á verklagsreglum bæjarins er lúta að tilkynningum til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni 34
Aðgerð 14: Yfirfara jafnréttis- og mannréttindaáætlun Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna og ungmenna 35
Aðgerð 15: Yfirfara verkferla og gæðakerfi með hliðsjón af réttindum barna s.s. að hafa ungmennaráð og önnur börn og ungmenni inni sem formlegan umsagnaraðila 36
Aðgerð 16: Barnamiðuð fjármál hjá Kópavogsbæ 37
Aðgerð 17: Skoða hvar tengiliður barna verður staðsettur innan stjórnkerfisins 38
Aðgerð 18: Alþjóðleg tengsl 39
Barnaskýrsla Ungmennaráðs Kópavogs. 41
Lokaorð 42

Samantekt

Bæjarstjórn Kópavogs ákvað þann 22. maí 2018 að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög[1]. Verkefnið hefur verið unnið í samvinnu við UNICEF á Íslandi. Ýmis nýsköpunarverkefni hafa litið dagsins ljós í innleiðingarferlinu sem munu vonandi nýtast fleiri sveitarfélögum. Ein mikilvægasta afurðin sem orðið hefur til er mælaborð um lífsgæði barna. Þar er hægt er að fylgjast með vísitölu barnvæns sveitarfélags, skoða afmarkaðar víddir svo sem þætti er lúta að menntun eða samfélagslegri þátttöku og skoða einstakar mælingar en mælaborðið hefur að geyma um 86 mælingar. Mælaborðið er nú í frekari þróun hjá ríkinu undir forystu félagsmálaráðuneytisins og taka fulltrúar Kópavogsbæjar þátt í því verkefni.

Stýrihópur með þátttöku barna og ungmenna hefur verið starfandi allt innleiðingarferlið og hefur hann fundað samtals 11 sinnum yfir tímabilið. Þá hafa margir smærri vinnuhópar unnið og leitt einstakar aðgerðir. Verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmála hefur séð um að leiða starfið milli funda og halda utan um ferlið í heild.

Heilt yfir hefur starfið gengið vel. Góður tími hefur verið gefinn til að vinna ítarlega greiningarvinnu og til að eiga samráð við hagsmunaaðila. Samstaðan í verkefninu hefur verið eins og best verður á kosið þar sem börn, ungmenni, kjörnir fulltrúar og starfsmenn allra sviða bæjarins hafa lagt lóð á vogarskálarnar. Starfið hefur verið unnið á tíma þar sem heimurinn tekst á við veirusýkinguna Covid-19 og þó við höfum reynt okkar besta til að láta það ástand ekki hindra framgang innleiðingarinnar hafa nokkrar aðgerðir liðið fyrir ástandið.

Við erum ánægð að ljúka þeim áfanga að skila af okkur lokaskýrslu til UNICEF. Við gerum okkur grein fyrir því að starfið mun halda áfram, ný verkefni verða til og að þau verkefni, sem þegar hafa litið dagsins ljós, munu halda áfram. Þegar vottun UNICEF lýkur afhendir verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans verkefnið yfir til tengiliðs barna, en að skipa tengilið barna var ein af aðgerðunum 18 sem voru í aðgerðaáætluninni. Tengiliður barna og stýrihópur Barnasáttmálans munu leiða áframhaldandi starf í breiðu samstarfi við hagsmunaaðila til að tryggja að réttindi barna séu ávallt höfð að leiðarljósi í starfi Kópavogsbæjar.

Fyrir hönd stýrihóps,
Anna Elísabet Ólafsdóttir
Verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans

[1] Barnvæn sveitarfélög – Barnvæn sveitarfélög (www.barnvaensveitarfelog.is)

Stýrihópur innleiðingar Barnasáttmálans hjá Kópavogi

Í stýrihóp eru eftirtaldir aðilar:
Pálmi Þór Másson, bæjarritari, formaður stýrihóps
Anna Elísabet Ólafsdóttir, stjórnsýslusvið, starfsmaður stýrihóps
Ása A Kristjánsdóttir, stjórnsýslusvið, lögfræðingur barnaverndar
Margrét Friðriksdóttir, bæjarfulltrúi fulltrúi sjálfstæðisflokks, forseti bæjarstjórnar
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi, fulltrúi Pírata
Sóley Þórarinsdóttir, ungmennaráð
Davíð Fannar Sigurðsson, ungmennaráð
Ingunn Sif Þórðardóttir, nemandi í Kársnesskóla
Eiríkur Örn Beck, nemandi í Lindaskóla
Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir, menntasvið og leikskólakennari
Amanda Ólafsdóttir, menntasvið og tengiliður við ungmennaráð
Ragnheiður Hermannsdóttir, menntasvið, deildastjóri grunnskóladeildar (Hekla Hannibalsdóttir sat suma fundi í stað Ragnheiðar)
Guðrún Svava Baldursdóttir, menntasvið, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Þeba
Svavar Ólafur Pétursson, umhverfissvið, umsjónamaður vinnuskólans
Guðlaug Ósk Gísladóttir, velferðarsvið, deildastjóri þjónustudeildar fatlaðra
Anna Eygló Karlsdóttir, velferðarsvið, deildastjóri barnaverndar

Spurningarlistar frá UNICEF

1. Hvernig heppnuðust aðgerðirnar, voru þær í anda spurninganna í gátlistunum?

Í samþykktri aðgerðaáætlun voru átján aðgerðir. Aðgerðirnar voru byggðar á bestu fáanlegu gögnum. Meðal annars svörum við spurningum í gátlistum en einnig niðurstöðum fáanlegra rannsókna um aðstæður og stöðu barna og ungmenna. Innleiðing flestra aðgerðanna hefur gengið vel og er gerð grein fyrir gangi mála í hverri aðgerð fyrir sig í þessari lokaskýrslu.

2. Hvaða áhrif hafði innleiðingin?

Öll vinna tengd innleiðingu Barnasáttmálans hefur haft mikil áhrif á vinnustaðinn. Þannig náðist breið samstaða og vilji allra sviða bæjarins til að leggja innleiðingu Barnasáttmálans lið. Hvergi var að finna mótstöðu starfsfólks heldur lögðust allar hendur á eitt við að koma aðgerðunum til framkvæmda. Börnin og ungmennin sem komu að vinnunni voru áhugasöm og ávallt tilbúin til að koma með ábendingar þegar eftir því var leitað.

3. Hvað töldu ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins að hafi heppnast vel?

„Í stýrihópi um innleiðingu Barnasáttmálans er starfsfólk bæjarins af öllum sviðum og úr ólíkum deildum auk barna og ungmenna. Aðgerðaráætlunin endurspeglar þann breiða hóp sem að henni kom og þá hugarfarsbreytingu sem áætluninni er ætlað að leiða. Með aðgerðaráætluninni verða börn þátttakendur í málefnum sem varða þau sjálf og sveitarfélagið allt. Ekki var eingöngu leitað til þeirra barna sem sitja í stýrihópnum heldur var, í samræmi við aðgerð 3, fengin fram afstaða barna á ólíkum

aldri og sérstaklega leitað til barna sem tilheyra minnihlutahópum. Þannig varð til skýr verkferill sem gerir ráð fyrir áframhaldandi þátttöku barna og innleiðingin hefur því heppnast vel að þessu leyti.

Tilkynningarhnappur barnaverndar er eitt af verkefnunum í aðgerð 4. Hnappurinn veitir börnum í 5. – 10. bekk grunnskólanna möguleika á að leita hjálpar án aðkomu fullorðinna. Fjöldi barna hefur haft samband á fyrstu mánuðum verkefnisins og vegna þátttöku þeirra og nýtingar á hnappnum er hægt að fullyrða að aðgerðin hafi heppnast vel. Að auki hefur samstarf Kópavogs, UNICEF og velferðarráðuneytisins aukið áherslu á snemmtækan stuðning og hefur velferðarsvið, í samræmi við það, ráðið til sín verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu, en til grundvallar mun verða lögð áhersla á samstarf leikskóla, grunnskóla, barnaverndar og heilsugæslu.“

Sviðsstjórar tveggja sviða Kópavogbæjar.

4. Hvert var mat barna og ungmenna sem unnu með stýrihópnum að verkefninu?

„Börn og ungmenni sem unnu með stýrihópi eru virkilega ánægð með hvernig unnið var að innleiðingu Barnasáttmálans fyrir Kópavog. Við erum einkum afar þakklát fyrir að hafa verið valin í þetta mikilvæga verkefni og það að ungmenni hafi verið tekin með í vinnuna sýndi strax að börn voru velkomin í starfið og áttu að fá að tjá sínar skoðanir. Aðgerð 3 snerist um það að samráð yrði haft við börn og ungmenni og okkur finnst það hafa tekist afar vel. Tilkynningahnappur í spjaldtölvum 5.-10. bekkjar vakti mikla lukku meðal nemenda og þar sem flestir starfsmenn skóla í Kópavogi vissu af verkefninu jókst umræðan og fræðslan um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.“

Ungmenni í stýrihópi.

Ungmennaráð var jafnframt spurt um mat þess. Á fundi ráðsins þann 14. desember 2020 er eftirfarandi bókað:

„Ungmennaráð fagnar þeirri góðri vinnu og samstarfi sem liggur á bakvið innleiðingu Barnasáttmálans í Kópavogi. Unnið hafi verið vel að aðgerð 3 og 4, að leita markvisst eftir viðhorfum barna og ungmenna og með uppsetningu tilkynningahnapps til barnaverndar á heimasíðu bæjarins og spjaldtölvum nemenda í 5.-10.bekk.“

5. Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til að taka þátt í verkefninu?

„Tækifæri barna og ungmenna til að taka þátt í verkefninu var til fyrirmyndar. Strax í upphafi voru fengnir tveir fulltrúar úr ungmennaráði og tveir fulltrúar nemenda úr grunnskólum til að sitja í stýrihópnum. Auk þess hefur verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans óskað eftir umræðum og umsögnum á fundum Ungmennaráðs Kópavogs tengt aðgerðaráætlun Barnasáttmálans. Kynning hefur verið á verkefnum tengd innleiðingu Barnasáttmálans til að mynda um tilkynningahnapp til barnaverndar og svo nú hefur verið leitað eftir áliti ungmennaráðs hvernig vinnan við innleiðingu Barnasáttmálans hefur gengið, sem skýrt er frá í drögum að lokaskýrslu og sent á fulltrúa ungmennaráðs til upplýsinga og tekið fyrir á fundi ráðsins. Við innleiðinguna var metnaður fyrir því að leita leiða til að ná fram skoðunum barna og ungmenna á því sem verið var að gera í tengslum við innleiðingu Barnasáttmálans og álit þeirra á verkefnum sem fylgdu henni. Til að mynda með samtali við börn á grunnskólaaldri í 3.-10.bekk og einnig var leitað eftir áliti og samtali við börn með fötlun og annað móðurmál en íslensku hvernig best væri að eiga samráð við þau. Það er mat hinna fullorðnu í stýrihópnum að gætt var vel að því að börn og ungmenni fengu tækifæri til að taka þátt í verkefninu og gætt að því að raddir ólíkra hópa barna og ungmenna kæmu fram.“

6. *Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess; hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heildrænum hætti innan sveitarfélagsins?*

Innleiðing aðgerðanna jók til muna þverfaglega samvinnu milli sviða og má segja að sú samvinna sé líklega mikilvægasta forsenda velgengni innleiðingar Barnasáttmálans hjá Kópavogsbæ. Lögð hefur verið áhersla á að minna kjörna fulltrúa og starfsfólk sem vinnur með börnum á að leita eftir skoðunum barna og að hafa velferð þeirra að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Skoðað verður hvort og þá hvernig hægt sé að setja upp gátlista til að tryggja aðkomu barna að málefnum er þau varða.

7. *Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir að innleiðing verkefnisins var í gangi?*

Lögð var áhersla á að kynna verkefnið vel fyrir íbúum. Ýmsar kynningar voru sendar foreldrum, ýmist tölvupóstar eða myndbönd. Í þjónustukönnun sveitarfélaga bætti Kópavogur við nokkrum spurningum er snéru að þekkingu og velvilja bæjarbúa gagnvart innleiðingu Barnaáttmálans í Kópavogi. 96% íbúa hefur heyrt um Barnasáttmálann og 29% segjast þekkja hann vel. Hins vegar segjast ekki margir hafa kynnt sér vel hvað innleiðing Barnasáttmálans felur í sér; 55% segjast hafa kynnt sér það lítið, nokkuð eða mikið en 45% ekkert. Mikil jákvæðni var í íbúum gagnvart þeirri ákvörðun að innleiða Barnasáttmálann. Einungis 2% sögðust neikvæðir gagnvart innleiðingu Barnasáttmálans í allt starf sveitarfélagsins. Gera má ráð fyrir að það taki einhvern tíma fyrir íbúa að gera sér grein fyrir því í hverju innleiðing Barnasáttmálans felst en bærinn mun halda áfram að miðla upplýsingum til bæjarbúa og kalla eftir þeirra viðhorfum.

8. *Voru tilnefndir einstaklingar innan stýrihópsins/sveitarfélagsins sem fylgdust sérstaklega með hvernig gekk að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar?*

Þessu hlutverki var úthlutað til verkefnastjóra innleiðingar Barnasáttmálans sem fylgdist vel með öllum aðgerðunum og ýtti við framgangi eftir því sem ástæða var til. Í hverri aðgerð var valið teymi og að minnsta kosti einn ábyrgðaraðili til að leiða verkefnið. Verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans sá um samræmingarvinnu.

9. *Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins?*

Lærdómurinn er ekki síst sá hversu gaman og gefandi það er að vinna með og fyrir börn og ungmenni. Mikilvægur lærdómurinn liggur þó í því að átta sig á mikilvægi þess að kalla til sem flesta að borðinu og gefa fulltrúum allra sviða, kjörnum fulltrúum, börnum, foreldrum og öðru starfsfólki bæjarins tækifæri á að koma að málinu. Segja má að innleiðing Barnasáttmálans hafi dregið fram þann samtakamátt sem liggur í samfélaginu okkar og hverju hægt er að áorka með þátttöku barna og ungmenna, markvissri verkefnastjórnun, jákvæðni og þori.

Kópavogsbær er annað sveitarfélagið á Íslandi sem stígur það skref að taka þátt í verkefninu Barnvænt sveitarfélag í samstarfi við UNICEF. Viðfangsefnið er því frumraun Kópavogsbæjar en jafnframt nýlegt verkefni innan UNICEF. Eftir fyrstu umsögn UNICEF á lokaskýrslu kom í ljós að samráð milli bæjarins og UNICEF hefði getað verið meira til að starfsmenn og stýrihópur hefðu betri skilning á væntingum UNICEF. Ástæður má mögulega rekja til mannabreytinga innan UNICEF á innleiðingartíma Barnasáttmálans hjá Kópavogsbæ.

Innleiðing aðgerðaráætlunar

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig gengið hefur að innleiða aðgerðaáætlun Barnasáttmálans í Kópavogi. Farið verður yfir aðgerðirnar átján sem flokkaðar voru í eftirfarandi þætti:

1. Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna
2. Þátttaka barna
3. Geðrækt, jafnræði, samkennd og virðing
4. Fræðsla
5. Menntun og skólinn
6. Umhverfismál
7. Stjórnsýsla

Aðgerðirnar voru flokkaðar með eftirfarandi hætti undir þættina sjö:

1. Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna:
   a) Þróun mælaborðs um lífsgæði barna í Kópavogi.
   b) Þróun hugbúnaðar til að auðvelda snemmtæka íhlutun.

2. Þátttaka barna:
   a) Markvisst leitað eftir viðhorfum barna og ungmenna.
   b) Börn og ungmenni geti haft bein áhrif án milligöngu fullorðinna.

3. Geðrækt, jafnræði, samkennd og virðing:
   a) Geðrækt: að vinna með lífsgildin, gagnkvæma virðingu, jafnræði og samkennd.

4. Fræðsla:
   a) Auka þekkingu á Barnasáttmála hjá íbúum á öllum aldursskeiðum, sérstaklega með áherslu á börnin sjálf og þá sem vinna með börnum.
   b) Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga þegar grunur vakna um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni.

5. Menntun og skólinn:
   a) Aukin tækifæri fyrir börn og ungmenni að leita eftir aðstoð án þess að þurfa að fara fyrst til foreldra eða forráðamanna eða gegnum formlegar beiðnaleiðir.
   b) Skoða og leggja mat á álag á börnum og ungmennum á öllum skólastigum.
   c) Fara yfir vinnuaðstöðu barna og öryggi barna og ungmenna í leikskólum og grunnskólum.
   d) Forvarna- og heilsueflingarmál yfirfarin.

6. Umhverfismál:
   a) Að virkja áhuga barna á umhverfismálum, fræða þau og tryggja aðkomu þeirra í málaflokknum.

7. Stjórnsýsla:
   a) Yfirfara og skerpa á verklagsreglum bæjarins er lúta að tilkynningum til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni.
   b) Yfirfara jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Kópavogsbæjar með tilliti til réttinda barna og ungmenna.
   c) Yfirfara verkferla og gæðakerfi með hliðsjón af réttindum barna svo sem að hafa ungmennaráð og önnur börn og ungmenni inni sem formlegan umsagnaraðila.
   d) Stefna á að hafa barnamiðaða fjárhagsáætlun hjá bænum.
   e) Skoða hvar tengiliður barna verður staðsettur innan stjórnkerfisins.
   f) Alþjóðleg tengsl.

Framkvæmd einstakra aðgerða

1. Þróun aðferða til að fylgjast með lífsgæðum barna

Aðgerð 1: Þróun mælaborðs um lífsgæði barna í Kópavogi

Markmið aðgerðar:

Markmið aðgerðar er að til sé yfirgripsmikið mælaborð hjá sveitarfélaginu sem heldur utan um mælingar á velferð barna í sveitarfélaginu. Þannig er hægt að fylgjast með heilsu, líðan og þátttöku barna og hægt að bregðast við með gagnreyndum aðgerðum eftir því sem þarf. Ein af grunnstoðum Barnasáttmálans er að við leitumst ávallt við að gera það sem barni er fyrir bestu og tryggjum að þau njóti réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Umsjón:

Starfshópur frá stjórnsýslusviði, menntasviði og upplýsingatæknideild.

Verkþættir:

1. Yfirsýn yfir þau rannsóknagögn sem til eru.
2. Mælaborð þróað á grundvelli grunnstoða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: þar sem lögð er áhersla á grunnréttindi barna skv. 2., 3., 6., og 12 grein Barnasáttmálans.
3. Ýtarleg skoðun gagna með tilliti til gæða og notagildis í mælaborð barna.
4. Hugbúnaður þróaður sem heldur utan um mæligildin og framkallar vísitölu barnvæns sveitarfélags.
5. Vinnsla gagna þannig að þau henti inn í mælaborðið.
6. Stöðug úrvinnsla og endurbætur með tíma.

Staða aðgerðar:

Aðgerð er lokið og fyrsta útgáfa mælaborðsins tilbúin og hefur verið öllum aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar frá árslokum 2019. Mælaborðið nýtist meðal annars stjórnmálamönnum og embættismönnum sem tæki í ákvarðanatöku.

Mælaborðið er stöðugt uppfært eftir því sem ný gögn berast og hefur starfsmaður stjórnsýslusviðs tryggt að svo sé í góðri samvinnu við upplýsingatæknisvið. Verið er að vinna í því að gögn geti borist beint frá gagnaveitanda í upplýsingakerfi Kópavogsbæjar í heimasmíðuðu hugbúnaðarkerfi kallað Nightingale. Hvenær þeirri vinnu verður lokið er háð gagnaveitendum en þangað til eru gögnin sett handvirkt inn í mælaborðið.

Frekari þróun mælaborðsins er nú unnin í samstarfi við félagsmálaráðuneytið en þar verður meðal annars skoðað hvernig hægt sé að efla rannsóknir meðal leikskólabarna og barna á aldrinum 16-18 ára til að auka hlut þessara aldurshópa í mælaborðinu. Umboðsmaður barna tekur þátt í þeirri vinnu og sjá starfsmenn þess embættis um að eiga samráð við börn um heppilegar mælingar í uppfært mælaborð.

Tímaáætlun:

Aðgerð 1, eins og hún var sett fram í upphafi er lokið. Frekari þróun mælaborðsins er leidd af félagsmálaráðuneyti en starfsfólk Kópavogsbæjar tekur virkan þátt. Það er á valdi félagsmálaráðuneytisins hvenær frekari þróun mælaborðsins verður lokið.

Mæling:

Að mælaborð sé tilbúið og viðhaldið.

Aðgerð 2: Þróun hugbúnaðar til að auðvelda snemmtæka íhlutun

Markmið aðgerðar:

Markmið aðgerðar er að leggja drög að þróun hugbúnaðar sem tryggi heildstæða yfirsýn yfir velferð barna þannig að ekkert barn verði útundan og að öll börn fái notið snemmtækrar íhlutunar búi þau við aðstæður sem krefjast aðstoðar stjórnvalda.

Umsjón:

Félagsmálaráðuneyti.

Verkþættir:

Félagsmálaráðuneytið fer með forræðið í þessari aðgerð. Kópavogsbær var eingöngu þátttakandi sem tilraunasveitarfélag. Kópavogsbær þekkir því ekki til allra verkþátta en gerir ráð fyrir að þeir séu eftirfarandi:

1. Þarfagreining sem að hluta til hefur verið unnin.
2. Gera má ráð fyrir að verkið sé svo umfangsmikið að það krefst útboðs félagsmálaráðuneytisins.
3. Þróun hugbúnaðar – gera má ráð fyrir aðkomu persónuverndar þar sem verið er að vinna með persónugreinanleg gögn.

Staða aðgerðar:

Kópavogsbær hefur fylgt málum eftir eins og kostur er og reglulega sent fyrirspurn til félagsmálaráðuneytisins um framgang verkefnisins. Það er ljóst að Kópavogsbær einn og sér getur ekki lokið þessu verkefni – það er unnið undir forsjá félagsmálaráðuneytisins. Mögulega velur félagsmálaráðuneytið annað sveitarfélag en Kópavog til samstarfs þegar ráðuneytið er tilbúið en nokkrir fundir voru haldnir með Kópavogsbæ á fyrstu stigum hugmyndarinnar.

Tímaáætlun:

Óljós og ræðst af framgangi innan félagsmálaráðuneytis.

Mæling:

Við gerð aðgerðaáætlunar var gert ráð fyrir að fyrstu drög að hugbúnaði lægju fyrir. Kara Connect ehf. hefur skilað drögum að handriti sem grunn að útboðsgögnum fyrir félagsmálaráðuneyti. Mikill gangur var í þessu verkefni þegar Kópavogur skilaði aðgerðaáætlun sinni en umfang verkefnisins hefur reynst mun meira en ráð var fyrir gert. Það er ekki á valdi Kópavogsbæjar að leiða þetta verkefni því bærinn átti einungis að vera tilraunasveitarfélag við hönnunarvinnuna.

2. Þátttaka barna

Aðgerð 3: Markvisst leitað eftir viðhorfum barna og ungmenna

Markmið aðgerðar:

Að markvisst sé leitað eftir viðhorfum barna. Í þessari aðgerð var áherslan á að byggja upp samstarf við grunnskólabörn. Ungmennaráð er til staðar en áhugi er á að byggja betri tengsl og samráð inn í grunnskólana.

Umsjón:

Verkefnastjóri íbúatengsla í samstarfi við verkefnastjóra innleiðingar Barnasáttmála og fleiri samstarfsaðila á menntasviði. Samstarf við Akureyrarbæ vegna samráðs við börn af erlendum uppruna.

Verkþættir:

1. Samtöl við börn í grunnskólum um heppilegar samráðsleiðir.
2. Sérstakt samtal við börn af erlendum uppruna. Samstarfsverkefni við Akureyrarbæ að frumkvæði Kópavogsbæjar.
3. Samtöl við börn með fatlanir.
4. Uppsetning verkferla til að tryggja að börn geti komið hugmyndum sínum á framfæri.
5. Samráð við ýmsa starfsemi innanhúss og börn um verkferilinn.

Staða aðgerðar:

Í árslok 2019 tók Kópavogsbær þátt í samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er liður í því að vinna handbók fyrir íbúasamráð. Verkefni Kópavogsbæjar gekk út á að leita ráða hjá og að eiga samstarf við börn og ungmenni á grunnskólaaldri um það hvernig þau geti komið meira að málefnum sveitarfélagsins og innleiða þannig markvisst 12. grein Barnasáttmálans um rétt barna til að tjá sig og að á þau sé hlustað. Markmið verkefnisins var að öðlast þekkingu á því hvernig best væri fyrir sveitarfélagið að eiga í markvissu og stöðugu samstarfi við börn og ungmenni og skapa þannig traustan grundvöll fyrir þekkingarmiðlun og samráð á milli stjórnenda sveitarfélagsins og barna og ungmenna sem þar eiga lögheimili.

Rætt var við grunnskólabörn frá 3. til 10. bekk og var verkefnið unnið í þjóðfundarstíl. Börnin unnu í 5-6 manna hópum og skiluðu niðurstöðum er lúta að því hvaða leiðir þau sjái fyrir sér sem heppilegar samráðsleiðir.

Kópavogsbær í samstarfi við Akureyri fékk styrk frá félagsmálaráðuneytinu til að eiga samtöl við börn af erlendum uppruna um þetta sama viðfangsefni, þ.e. hvernig best sé að eiga reglulegt samráð við börn og ungmenni. Upplýsingum var safnað með sama hætti og áður, börn af erlendum uppruna unnu í hópum og skiluðu sameiginlegri niðurstöðu. Hugmyndir barna af erlendum uppruna voru mjög áþekkar þeim hugmyndum sem fram komu hjá börnum af innlendum uppruna. Á fundum með bæði innlendum og erlendum börnum var „hitað upp“ með því að eiga samtal um hvað mætti betur fara í skólanum eða bænum (þetta var þó ekki nýtt til að svara spurningunni um hvernig best væri að hátta samráði). Margt var sambærilegt meðal þessara hópa, þó nefndu börn af erlendum uppruna nokkur atriði sem ekki komu fram meðal barna af innlendum uppruna svo sem að skóladagurinn mætti gjarnan vera styttri; byrja seinna og hætta fyrr, og að einhverju leyti ætti að vera kostur á fjarnámi.

Þá var leitað eftir áliti fatlaðra barna og var talað við tvö fötluð börn, annað líkamlega fatlað með NPA þjónustu (notendastýrð persónuleg aðstoð) en hitt með einhverfu. Forráðamenn barnanna voru með í viðtölunum. Börnin voru spurð svipaðra spurninga og hóparnir sem sagt er frá hér að framan svöruðu. Hér er einungis gefið yfirlit yfir það sem fram kom í samtölunum en allar athugasemdir þeirra verða teknar til skoðunar með það að markmiði að bæta úr.

Barnið með NPA þjónustuna ræddi hvernig **skipulag** og **aðstaða** getur haft áhrif á líf þess. Það ræddi sérstaklega **aðgengi** sem oft hindrar það í að taka þátt með öðrum börnum. Það benti líka á **samkomur** sem það ætti stundum erfitt með að taka þátt í og tók sem dæmi hátíð sem haldin var í skólanum í samvinnu við UNICEF. Hún byggði á líkamlegum verkefnum en ekkert var í boði sem gat hentað fötluðum einstaklingi. Barnið gat því ekki tekið þátt. Fötluð börn vilja eins oft og kostur er taka þátt og lifa eðlilegu lífi.

Megin athugasemdir barnsins með einhverfu snéru að **hávaða** í skólanum og skorti á **skilning** og **aðstöðu** til að koma barninu undan hávaðanum. Barnið upplifir sig óöruggt í **útivist** þar sem hávaðinn er mikill og að það lendi stundum í stríðni. Loks nefnir barnið **íþróttir** en það ræður illa við hópleikfimi og þarf því oft að horfa á. Barnið velti upp hvort ekki mætti hafa smærri hópa og sníða verkefnin að þeirra hreyfifærni.



Ræddar voru leiðir til að tryggja þátttöku þeirra í samráði við yfirvöld. Lögð er áhersla á að börn með sérþarfir séu ávallt þátttakendur í samráðshópum en að jafnvel þurfi að setja á laggirnar ráðgjafahóp fatlaðra barna. Slíkt þarf að meta og skoða eftir að reynsla er komin á samráðsferlið en það kom skýrt fram hjá fötluðum börnum að þau vilja sem oftast taka þátt í starfi heildarinnar fremur en að vera í sérhópum.

Samantekið leiddu niðurstöður ofangreindra samtala við börn til hugmyndar að verkferli sem verður innleitt í síðasta lagi haustið 2021. Verkferlið er eftirfarandi:

Tengiliður barna mun bera ábyrgð á þessu verkferli í góðri samvinnu við skólana. Fyrsti liður verkferilsins hér að ofan er að halda námskeið fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva, frístundar og skóla sem vinna munu markvisst með börnum og ungmennum til að undirbúa árlegt barnaþing. Námskeiðin verða að hausti 2021. Á námskeiðunum verður lögð áhersla á að vinna með þætti eins og virka hlustun og aðferðir sem leiða til lýðræðislegrar ákvarðanatöku og samfélagslegar ábyrgðar. Námskeiðin munu jafnframt tengjast fræðslu sem tengist aðgerð 8.

Tímaáætlun:

Ferlið sem er tilbúið hefði verið prufukeyrt ef Covid-19 hefði ekki gert það að verkum að skólum var stundum lokað og sóttvarnarhólf sett upp bæði í skólum og á vinnustöðum og því erfitt að koma við fundum og námskeiðum í raunheimi. Þjálfun starfsfólks mun fara fram í septembermánuði 2021 og í framhaldinu verður verkferlið prufukeyrt haustið 2021. Það er því um árs töf að ræða vegna Covid-19.

Mæling:

Innleiðing ferils sem tryggir reglulegt samráð við börn og ungmenni í Kópavogi.

Aðgerð 4: Börn og ungmenni geti haft bein áhrif án milligöngu fullorðinna

Markmið aðgerðar:

Að börn og ungmenni geti haft bein áhrif án milligöngu fullorðinna.

Umsjón:

Verkefnastjóri íbúatengsla í samstarfi við verkefnastjóra innleiðingar Barnasáttmála, velferðarsvið, menntasvið og upplýsingatæknideild Kópavogsbæjar.

Verkþættir:

1. Greiningarvinna á stöðunni.
2. Hugarflugsfundir um mögulegar leiðir til að börn geti haft áhrif án milligöngu foreldra eða forráðamanna.
3. Unnið með hugmyndirnar og undirbúningur að innleiðingu hefst.

Staða aðgerðar:

Þessi aðgerð kallar á að auðvelda börnum að tjá sig um eigin málefni án milligöngu fullorðinna. Byrjað var á því að setja upp tilkynningarhnapp til barnaverndar fyrir börn, bæði á heimasíðu bæjarins en líka á spjaldtölvur barna í grunnskólum Kópavogs þannig að börnin geti sjálf haft samband við barnavernd án milligöngu foreldra. Börn í 5. til 10. bekk hafa öll spjaldtölvur sem þau nota í skólanum og taka með sér heim. Tilkynningahnappurinn hefur reynst mikilvægur og á fyrstu þremur mánuðunum höfðu um hundrað börn haft samband sjálf. Vel var gætt að því að fara að persónuverndarlögum við vinnu þessa. Tilkynningasíðan sem hnappurinn færir börn á, sem og upplýsingar um hnappinn, er að finna á íslensku, ensku og pólsku. Auk þess er börnum (sem og fullorðnum) gert kleift að setja inn tilkynningar á sínu móðurmáli.

Á heimasíðu Kópavogs er virkur ábendingahnappur sem börn hafa fengið kennslu í að nota. Vinna er í gangi við nýtt ábendingaapp, bæði fyrir fullorðna íbúa Kópavogs sem og fyrir börn og unglinga. Appið verður aðgengilegt bæði á heimasíðu bæjarins og á spjaldtölvum barna í grunnskólum Kópavogs, svo börnin geti sent almennar ábendingar inn til bæjarins milliliðalaust. Ábendingaappið er í hönnun og verður tilbúið á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að kynningar á ábendingaappinu verði með svipuðum hætti og kynningar á tilkynningahnappi til barnaverndar, þ.e. með myndböndum, leiðsögn og jafningafræðslu.

Tímaáætlun:

Tilkynningahnappurinn er tilbúinn og kominn í notkun á spjaldtölvum barna í Kópavogi. Ábendingahnappur á heimasíðu bæjarins er nú þegar í notkun. Ábendingaapp er í hönnun og verður sérstök útgáfa þess fyrir börn og unglinga í Kópavogi sett inn á spjaldtölvur barna í grunnskólum Kópavogs haustið 2021.

Mæling:

Nýjar leiðir þróaðar fyrir börn og ungmenni til að senda beint inn upplýsingar og almennar athugasemdir. Í þessu verkefni var sett í algjöran forgang að koma á tilkynningahnappi til barnaverndar fyrir börn, og heldur velferðarsvið og tengiliður barna utan um notkun barna á tilkynningahnappinum.

Verkefnastjóri íbúatengsla heldur utan um notkun barna á ábendingahnappi heimasíðu Kópavogs, eftir því sem kostur er. Tengiliður barna mun halda utan um notkun barna á ábendingaappinu.

3. *Geðrækt, jafnræði, samkennd og virðing*

Aðgerð 5: Geðrækt: að vinna með lífsgildin, gagnkvæma virðingu, jafnræði og samkennd

Markmið aðgerðar:
Að bæta líðan barna, efla þekkingu og draga úr fordómum gagnvart geðræktarmálum.

Umsjón:

Menntasvið í samstarfi við velferðarsvið og sérfræðing lýðheilsumála.

Verkþættir:

1. Úttekt á þeirri vinnu sem unnin er og tengjast geðræktarmálum og andlegri líðan innan leikskólanna.
2. Draga saman yfirlit yfir þau verkefni og vinnu sem unnin er og er til þess fallinn að efla andlega líðan meðal grunnskólabarna.
3. Leggja drög að því að til verði Geðræktarhús í Kópavogi þar sem haldin verða námskeið og fræðsla um geðræktarmál.

Staða aðgerðar:

Á ungmennaþingi kom fram áhugi á að efla fræðslu um andlega heilsu. Þá sýndi niðurstaða könnunar meðal barna í elsta aldurshópnum að börn eigi ekki alltaf auðvelt með að vera eins og þau eru vegna stríðni og skorts á gagnkvæmri virðingu.

Leik- og grunnskólar vinna með andlega líðan barna í hinum ýmsu verkefnum og því var ákveðið að byrja þessa aðgerð með því að fara í úttekt á því hvaða starf væri nú þegar í gangi í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar en úttektin leiddi í ljós að mikið starf er unnið bæði innan leikskólanna og grunnskólanna sem hefur það að markmiði að styrkja börn andlega og félagslega.

Leikskólar:

Farið hefur verið vel yfir styrkjandi verkefni sem unnin eru innan allra leikskóla í Kópavogi og eru margskonar verkefni þegar í gangi sem snúa að andlegri og félagslegri vellíðan barna. Fjórir leikskólar eru þátttakendur í verkefninu Réttindaleikskóli UNICEF sem unnið er í samstarfið við UNICEF. Markmið Réttindaleikskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í leikskólastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna.

Allir leikskólar bæjarins eru þátttakendur í Vináttuverkefni Barnaheilla. Verkefnið er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Vinnan felst meðal annars í því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Vináttuverkefnið stuðlar að samræðum fyrir börn um slæma hegðun og einelti og fræðir þau um leiðir til að takast á við vondar aðstæður, segja frá og segja nei. Bangsinn Blær er táknmynd vináttu í verkefninu. Blæ fylgja litlir hjálparbangsar sem ætlaðir eru hverju

barni sem tekur þátt í vináttu. Bangsinn Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á aðra og að vera góður félagi allra.

Margir leikskólanna vinna sérstaklega með jafnræði þar sem meðal annars er lögð áhersla á að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, þrói með sér samkennd, tillitsemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði barnanna er eflt og styrkt, þannig að þau verði hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Börnin eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir. Þau fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Réttur allra er virtur óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu.

Þá eru allir leikskólarnir þátttakendur í innleiðingu heimsmarkmiða og tengja þau við Barnasáttmálann.

Grunnskólarnir:

Heimsmarkmiðin eru yfirmarkmið Kópavogsbæjar og endurspeglast það sterkt innan grunnskólanna sem hafa langflestir unnið markvisst með heimsmarkmiðin bæði með börnum, foreldrum og starfsfólki. Einn af grunnskólunum er jafnframt UNESCO skóli sem markvisst tengir starf og stefnu skólans við heimsmarkmiðin.

Grunnskólarnir leggja allir vaxandi áherslu á góðan skólabrag; líðan og góð samskipi. Á yngstu stigum eru samskiptareglur teknar fyrir og það að veita persónulegt rými. Í lífsleikni er lögð áhersla á sjálfsmynd og seiglu. Einn skóli vinnur sérstaklega að verkefni sem þeir kalla „*Vertu rödd en ekki bergmál*“ þar sem meðal annars er lögð áhersla á borgaravitund, gagnrýna hugsun og geðheilsu.

Vináttuverkefni Barnaheilla heldur áfram í grunnskólunum hjá yngstu aldurshópunum þar sem áfram er fjallað um vináttuna og gagnkvæma virðingu og að einelti verði ekki liðið. Þá eru í sumum skólum vinaliðar sem er verkefni sem gengur út á hvetja nemendur til þátttöku í frímínútum og vinna gegn einangrun og samskiptavanda. Verkefnið „*Að vera betri ég*“ er miðlægt námskeið frá skólaþjónustu en það er forvarnarverkefni með það að markmiði að efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd. Í einum skóla er tekið þátt í Evrópuverkefninu „*Share our similarities, celebrate our differences, School Diversity through Inclusion*“, þar sem gert er út á umburðarlyndi og mikilvægi margbreytileikans í samfélaginu. Áhersla er á að yfirstíga hindranir og efla samkennd. Annar skóli vinnur eftir eineltisáætlun Olweusar sem er fyrirbyggjandi starf með bekkjarfundum til að efla samskipti og skólabrag.

Tveir grunnskólar eru að verða Réttindaskólar UNICEF þar sem markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi, hvetja til uppbyggjandi gagnrýni og vera virkir þátttakendur. Félagsmiðstöðvar sömu skóla eru hluti af verkefninu og verðar því Réttindafélagsmiðstöðvar.

Geðræktarhús:

Í október 2020 samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar að húsnæðið sem oft hefur verið kallað Hressingarhæli verði lýðheilsuhús með áherslu á geðrækt. Húsið á sér langa heilbrigðissögu en það var byggt af Hringskonum í byrjun síðustu aldar. Húsið hefur alla tíð tengst heilbrigðisvanda síns tíma, en það á sér 95 ára sögu. Á fundi bæjarstjórnar 9. febrúar 2021 var ákveðið, að tillögu stýrihóps lýðheilsumála, að Kópavogsbær myndi sjá um starfsemi hússins fyrstu þrjú árin og taka þá stöðuna. Jafnframt var samþykkt að kalla húsið Geðræktarhús en lagt til að farið yrði í nafnasamkeppni meðal barna síðar.

Þegar var hafist handa við að leita álits barna á því hverskonar fræðsla kæmi að bestum notum og var fyrst í stað leitað til grunnskólabarna á aldrinum 13-16 ára en á þessum aldri koma gjarnan fram geðlægðareinkenni og nýjar áskoranir sem geta reynst börnum erfiðar að leysa úr. Kynntar voru yfirskriftir nokkurra námskeiða og börnin spurð hvort þessi námskeið gætu gagnast þeim og vinum þeirra. Ánægjulegt var að sjá jákvæða nálgun barnanna í vali sínu en vinsælustu námskeiðin eru þau sem ganga út á að byggja börn og ungmenni upp sem einstaklinga og gera þau betri í samskiptum við aðra. Sjá mynd hér að neðan; rauðu súlurnar eru þau námskeið sem voru í þremur efstu sætunum, bláu súlurnar eru þau námskeið sem voru í 4. til 6. sæti:



Kannanir meðal barna varðandi starfsemi Geðræktarhúss hafa vonandi stuðlað að aukinni meðvitund um mikilvægi málaflokksins og þeirrar vinnu sem er í undirbúningi varðandi Geðræktarhús.

Undirbúningur fyrir starf Geðræktarhúss er nú í fullum gangi og er gert ráð fyrir að hægt verði að bjóða upp á fyrstu námskeiðin haustið 2021. Meðal annars er gert ráð fyrir að unnið verði náið með leik- og grunnskólum og að vonandi verði hægt að nýta þemadaga til að fjalla um andlega heilsu. Með auknu samstarfi, námskeiðum og færniþjálfun verður auðveldara að miðla áhugaverðum verkefnum á sviði geðræktar milli skólastofnanna.

Tímaáætlun:

Starf innan leik- og grunnskóla er viðvarnandi og eru niðurstöður kannana (sjá mælingar hér á eftir) nýttar til að ákveða áherslur fræðslu hverju sinni en ávallt er reynt að bregðast við samfélagsbreytingum og áhrifum á börn sem þar koma fram svo fljótt sem auðið er.

Starfsemi Geðræktarhúss hefur tafist vegna Covid-19, m.a. vegna þess að starfsfólk hefur ekki mátt koma saman þvert á sóttvarnarhólf. Nú er byrjað að innrétta húsið og í framhaldinu verður skipað fagráð og þá verður hægt að byrja að fastsetja fræðsludagskrá. Vonast er til að aðstæður leyfi að starfsemin byrji haustið 2021.

Mæling:

Samkvæmt aðgerðaáætlun fólust mælingar hér í viðhorfskönnunum og rýnihópum. Rannsóknir og greining (R&G) hafa í mörg ár framkvæmt kannanir meðal 8., 9. og 10. bekkja grunnskólanna annað hvert ár. Þar hefur verið fylgst með kvíðaeinkennum og þunglyndiseinkennum barna en R&G hafa nú ákveðið að fella niður þessar mælingar. Í tengslum við aðgerð 1, um frekari þróun mælaborðs barnvænna sveitarfélaga, verður farið yfir hvaða mælingar verða valdar til að fylgjast með andlegri líðan barna og munu þær m.a. verða nýttar til að fylgjast með andlegri heilsu barna í Kópavogi.

Skólavogin sem gerir kannanir í 6. til 10. bekk fylgist með nokkrum þáttum er varða heilsu og líðan, s.s. um sjálfsálit, einelti og vellíðan. Fylgst er með þessum mælingum og bregðast skólarnir ávallt hratt við óhagstæðum breytingum með aðgerðum innan sinna skóla.

Í tengslum við námskeið í Geðræktarhúsi, sem vonast er til að hægt verði að hefja haust 2021, þá verða gerðar viðhorfskannanir meðal þátttakenda til að hjálpa til við frekari þróun námskeiða og færniþjálfunar. Ekki hefur verið hægt að setja saman rýnihópa þar sem ekki hefur verið hægt að koma saman þvert á sóttvarnarhólf og óheppilegt hefur þótt að vinna slíka vinnu í þessum málaflokki með aðstoð internetsins.

Mikilvægt er að aðilar geri sér grein fyrir því að fara þurfi varlega í að setja hluti í orsakasamhengi nema fyrir liggi ítarlegar rannsóknir. Þannig er ekki hægt að fullyrða að aðgerð X í skóla Y hafi haft tiltekin áhrif á þýðið. Orsakasamhengi er flókið og krefst ýtarlegra rannsókna. Með góðum gögnum er hægt að reikna tölfræðilega fylgni milli hluta en það þýðir ekki að til staðar sé orsakasamhengi. Skólarnir í Kópavogi framkvæma ekki sjálfir svo ýtarlegar rannsóknir að þeir geti reiknað tölfræðilegri fylgni. Niðurstöður kannanna sem R&G og Skólavog framkvæma eru hinsvegar nýttar af menntasviði og skólum bæjarins til að fylgjast með þróun og til að bregðast strax við óheppilegum breytingum með gagnreyndum aðferðum eins og hægt er.

4. Fræðsla

Aðgerð 6: Auka þekkingu á Barnasáttmála hjá íbúum á öllum aldursskeiðum, sérstaklega með áherslu á börnin sjálf og þá sem vinna með börnum

Markmið aðgerðar:

Að auka þekkingu á Barnasáttmála hjá íbúum á öllum aldursskeiðum.

Umsjón:

Almannatengill og tengiliður barna í samstarfi við svið og stofnanir bæjarins.

Verkferlar:

1. Að kanna þekkingu íbúa á Barnasáttmála.
2. Að virkja þátttöku barna og annarra íbúa við innleiðingu Barnasáttmála hjá sveitarfélaginu.
3. Að útbúa myndbönd sem tengjast völdum aðgerðum.
4. Að útbúa myndband sem fjallar um Barnasáttmálann og hvernig Kópavogsbær leggur áherslu á að uppfylla réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum.

Staða aðgerðar:

Til að kanna þekkingu íbúa Kópavogsbæjar á Barnasáttmálanum bætti bærinn við nokkrum spurningum í árlega þjónustukönnun sveitarfélaga er snéru að þekkingu og velvilja bæjarbúa gagnvart innleiðingu Barnaáttmálans í Kópavogi. Úr tveimur könnunum kemur fram að 96% íbúa hefur heyrt um Barnasáttmálann og 29% segjast þekkja hann vel. Hins vegar segjast ekki margir hafa kynnt sér vel hvað innleiðing Barnasáttmálans felur í sér; 55% segjast hafa kynnt sér það lítið, nokkuð eða mikið en 45% ekkert. Mikil jákvæðni var meðal íbúa gagnvart þeirri ákvörðun að innleiða Barnasáttmálann. Einungis 2% sögðust neikvæðir gagnvart innleiðingu Barnasáttmálans í allt starf sveitarfélagsins. Gera má ráð fyrir að það taki einhvern tíma fyrir íbúa að gera sér grein fyrir því í hverju innleiðing Barnasáttmálans felst en bærinn mun halda áfram að miðla upplýsingum til bæjarbúa og kalla eftir þeirra viðhorfum.

Sveitarfélagið hefur lagt sig fram um að virkja íbúa og miðla til þeirra vinnu tengdri innleiðingu Barnasáttmálans. Kallað var eftir nýjum hugmyndum og athugasemdum við fyrstu drög að aðgerðaáætlun innleiðingarinnar meðal íbúa. Það var gert í gegnum samráðsgátt fyrir íbúa Kópavogs[2]. Gáttin var opin 15. nóvember til 15. desember 2019 og bárust fáar en vel ígrundaðar tillögur. Skólar voru hvattir sérstaklega til að kynna málið innan skólanna og hvatt var til umræðu innan bekkja. Töluvert margir fóru inn á gáttina og skoðuðu tillögurnar og virkaði gáttin því vel sem almenn vitundarvakning um mikilvægi Barnasáttmálans í Kópavogi.

Í tengslum við innleiðingu Barnasáttmálans útbjó Kópavogsbær myndband til að upplýsa bæjarbúa um grundvallaratriði Barnasáttmálans sem Kópavogsbær lagði til grundvallar í innleiðingarferli Barnasáttmálans[3].

Aðgerð 1 snýr að mælaborði til að fylgjast með velferð barna í Kópavogi. Mælaborðið vann til verðlauna í flokknum „Child Friendly Governance“ á fyrsta alþjóðaþingi Barnvænna sveitarfélaga sem haldið var í Köln í Þýskalandi í nóvember 2019. Í tengslum við þátttöku Kópavogsbæjar á því þingi, þar sem fulltrúar bæjarins kynntu mælaborðið og tóku þátt í pallborðsumræðum, var gert myndband til að kynna grundvallaratriði mælaborðsins[4].

Í tengslum við aðgerð 4 voru gerð tvö myndbönd. Markmið þeirra var að kynna tilkynningahnapp á heimasíðu og á spjaldtölvu til að börn gætu tilkynnt sjálf vanrækslu eða ofbeldi. Annað myndbandið var ætlað börnum[5] en hitt foreldrum og forráðamönnum[6]. Hver skóli sá um dreifingu myndbandanna samhliða jafningjafræðslu og leiðsögn auk þess sem myndböndin voru sett á heimasíðu bæjarins.

[2] https://betraisland.is/community/1124
[3] https://yrpri-production-video-public.s3.amazonaws.com/dj0660h_video328.mp4
[4] https://vimeo.com/365495042
[5] https://vimeo.com/455807336
[6] https://vimeo.com/454390688

Síðasta fræðslumyndbandið sem gert verður í þetta sinn er myndband sem mun draga fram nokkur dæmi um hvernig innleiðing Barnasáttmálans birtist í starfi bæjarins. Gert er ráð fyrir að myndböndin hafi ýtt undir frekari vitundarvakningu á starfi Kópavogsbæjar í að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum.

Í næstu aðgerðaáætlun er vert að skoða hvort greina megi þekkingu íbúa eftir bakgrunni og þá hvort nauðsynlegt sé að fara í sértækari aðgerðir við að auka almenna þekkingu á Barnasáttmálanum. Þá er vert að skoða möguleikana á að tryggja réttindafræðslu í grunnskólum t.d. með efni frá UNICEF; *þekktu réttindi þín*[7].

Kynningaráætlun hefur verið sett upp til að tryggja að myndböndin og önnur fræðsla fari fram reglulega til að minna á réttindi barna og hlutverk fullorðinna í að virða réttindi barna. Myndböndin verða reglulega kynnt, ýmist í skólum eða send foreldrum auk þess sem þau eru ávallt á heimasíðu Kópavogsbæjar. Almenna fræðslumyndbandið er ávallt á heimasíðu en dregið reglulega fram til áminningar fyrir íbúa.

Kynningaráætlun	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
Myndband um tilkynningahnapp barna í fókus.									x			x
Kynningar á tilkynningahnappi í skólum, oft jafningjafræðsla.									x			x
Myndband um tilkynningahnapp fyrir fullorðna í fókus.									x			x
Almennt fræðslumyndband um Barnasáttmála í fókus.		x								x		x
Fræðsla um stuðning velferðarsviðs og starfsemi barnaverndar fyrir foreldra nýrra leikskólanemenda								x	x			
Fræðsla um stuðning velferðarsviðs og starfsemi barnaverndar fyrir foreldra nýrra grunnskólanemenda.								x	x	x	x	x
Fræðsla um stuðning velferðarsviðs, starfsemi barnaverndar og mikilvægi tilkynninga til barnaverndar fyrir starfsmenn leikskóla			x	x	x			x	x	x	x	x
Fræðsla um stuðning velferðarsviðs, starfsemi barnaverndar og mikilvægi tilkynning til barnaverndar fyrir starfsmenn yngsta stigs grunnskóla								x	x	x	x	x
Krakkarnir í hverfinu forvarnaleikhús fyrir alla krakka í 2. bekk grunnskóla Kópavogs		x	x	x	x							
Kynning á stuðningi velferðarsviðs, starfsemi barnaverndar, mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og verklagsreglum vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun fyrir dagmæður, stjórnendur leik- og grunnskóla, starfsfólk vinnuskóla og félagsmiðstöðva í Kópavogi			x	x	x			x	x	x		
Stjórnendur leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðva og frístundaheimila kynna verklagsreglur vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun, bæklinginn og verklag stofnunarinnar sjálfrar hvað varðar tilkynningar til Barnaverndar fyrir öllum starfsmönnum sínum.									x			

[7] https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/thekktu_rettindi_thin_vb/

Tímaáætlun:

Verkefnið hófst 2020 og verður viðvarandi.

Mæling:

Kynningaráætlun er tilbúin og öll myndbönd sem stóð til að gera að þessu sinni hafa verið kláruð. Fylgst verður áfram með þekkingu á Barnasáttmála með reglulegum könnunum.

Aðgerð 7: Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga þegar grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni

Markmið aðgerðar:

Markmið aðgerðar er að efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni. Þá er átt við fræðslu til barnanna sjálfra, starfsmanna sem vinna með börnum og annarra íbúa bæjarins. Fræðsluna skal efla með gerð fræðslu- og kynningarefnis ásamt fræðsluáætlun fyrir mismunandi hópa (sjá m.a. kynningaráætlun sem sett er fram undir aðgerð 6 hér að ofan).

Aðgerðin tengist aðgerð 13, eða þeim hluta er snýr að kynningu á þeim verklagsreglum er lúta að viðbrögðum þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gangvart barni í stofnunum bæjarins. Fjallað er nánar um kynningar verklagsreglnanna í umfjöllun um aðgerð 13.

Þessi aðgerð tengist einnig aðgerð 4, eða þeim hluta er lýtur að uppsetningu og fræðslu í kringum tilkynningahnapp sem settur var á heimasíðu og spjaldtölvur barna í 5. til 10. bekk til að auðvelda þeim að tilkynna um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart þeim sjálfum eða öðrum börnum. Fjallað er um kynningar á tilkynningarhnappi undir þessari aðgerð en einnig í umfjöllun um aðgerð 6.

Umsjón:

Verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu ásamt samstarfshópum mennta- og velferðarsviðs.

Verkþættir:

Barnavernd Kópavogs hefur verið með kynningar á starfsemi sinni og tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum árlega fyrir starfsmenn vinnuskóla Kópavogs og dagmæður í Kópavogi. Allir grunnskólar Kópavogs eiga tengiliði við barnavernd sem sitja reglubundið nemendaverndarráðsfundi skólanna þar sem ráðgjöf og fræðsla er veitt skv. fyrirliggjandi vinnulýsingu. Árlega er börnum í 2. bekk allra grunnskóla Kópavogs sýnt forvarnarleikhúsið „Krakkarnir í hverfinu“ sem starfsmenn Barnaverndar sitja. Að leiksýningu lokinni geta börn og starfsmenn skóla fengið ráðgjöf frá barnavernd. Framkvæmd þessara sýninga og aðkoma barnaverndar að fræðslunni byggir á fyrirliggjandi vinnulýsingu. Barnavernd hefur farið með kynningar á starfsemi sinni og tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum á um helming leikskóla bæjarins á árunum 2018 til 2019 í tengslum við

tilraunaverkefni um samstarf barnaverndar og leikskóla. Tilraunaverkefninu er nú lokið og verða kynningarnar festar í sessi með tilkomu verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu.

Frá og með 1. desember 2020 var sett á laggirnar nýtt stöðugildi á velferðarsviði. Ráðinn var verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu. Starfsmaðurinn annast fræðslu um stuðning velferðarsviðs og starfsemi barnaverndar fyrir foreldra leikskólabarna sem og foreldra barna sem eru að byrja í grunnskóla. Einnig er áhersla lögð á fræðslu til starfsmanna leikskóla og yngsta stigs grunnskóla um stuðning velferðarsviðs, starfsemi barnaverndar og mikilvægi tilkynninga til barnaverndar. Samstarf við heilsugæslu verður eflt og áhersla lögð á skipulagða samvinnu við mæðra- og ungbarnavernd.

Vorið 2021 hefst kynningarstarf verkefnastjórans með kynningum fyrir dagmæður sem starfa í Kópavogi, leikskólastjóra og sérkennslustjóra í öllum leikskólum bæjarins og skólastjóra í öllum grunnskólum bæjarins. Þessum fjórum kynningum skal skv. áætlun vera lokið fyrir 1. maí 2021. Í kjölfarið verður farið inn á starfsmannafundi eða starfsdaga hvers leikskóla í samráði við stjórnendur með kynningu þar sem náð verður til allra starfsmanna. Samkvæmt áætlun verður farið í alla 23 leikskólana sem starfandi eru í bænum fyrir árslok 2021 og stefnt er að því að kynningarnar verði svo haldnar álega í öllum leikskólum bæjarins. Í kynningunum verður fræðsla um stuðning velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, starfsemi barnaverndar og mikilvægi tilkynninga til barnaverndar ásamt því að skapa tækifæri til samtals. Að vori eru haldnir fundir fyrir foreldra barna sem eru að hefja leikskólagöngu og mun verkefnastjórinn fara inn á þá fundi með fræðslu um stuðning velferðarsviðs og starfsemi barnaverndar fyrir foreldra leikskólabarna. Skv. áætlun er stefnt að því að ná eins mörgum foreldrafundum og hægt er vorið 2021 og endurtaka árlega á hverju vori.

Kynningar fyrir starfsmenn á yngsta stigi grunnskóla og fræðsla til foreldra barna sem eru að hefja grunnskólagöngu er enn í mótun en skv. áætlun verður byrjað að fara í um helming skólanna haustið 2021 og stefnt á að búið verði að heimsækja alla grunnskóla Kópavogs í júní 2022. Stefnt er að því að kynningar og fræðsla verði árlega til framtíðar fyrir starfsmenn á yngsta stigi grunnskóla og foreldra barna sem eru að hefja grunnskólagöngu.

Varðandi tilkynningarhnapp barnaverndar þá er í gildi verklag sem kveður á um að tilkynningahnappurinn sé kynntur með stöðluðu handriti og myndbandi að hausti fyrir öllum nemendum 5. til 10. bekkjar í grunnskólum Kópavogs og að minnt sé á hnappinn fyrir jólafrí nemenda. Lögð er áhersla á að þar sem því verður við komið sé um jafningjafræðslu að ræða. Samkvæmt verklaginu sem grundvallast á fyrirliggjandi vinnulýsingu er tilgreint hver beri ábyrgð á hverju skrefi ferlisins. Í kynningarviku tilkynningarhnappsins á hverju hausti er skólastjórnendum einnig falið að senda út til foreldra kynningarbréf um hnappinn ásamt tengli á myndbandið sem ætlað er foreldrum. Í verklaginu er sérstaklega kveðið á um að gæta þurfi þess að börn og foreldrar sem betur skilja ensku eða pólsku fái að sjá rétt myndband. Upplýsingar um tilkynningahnappinn og mikilvægi tilkynninga til barnaverndar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.

Staða aðgerðar:

Aðgerð er lokið, kynningar og fræðsla er þegar hafin og fyrir liggja áætlanir um framkvæmd þeirra á mismunandi vettvangi.

Tímaáætlun:

Kynningarnar og fræðsla er þegar hafin.

Mæling:

Áætlanir, kynningarefni, verklag og vinnulýsingar liggja fyrir hvað varðar kynningar og fræðslu á mismunandi vettvangi.

5. Menntun og skólinn

Aðgerð 8: Aukin tækifæri fyrir börn og ungmenni að leita eftir aðstoð án þess að þurfa að fara fyrst til foreldra eða forráðamanna eða gegnum formlegar beiðnaleiðir

Markmið aðgerðar:

Að börn geti leitað aðstoðar án þess að þurfa fyrst að fara til forráðamanna eða í gegnum formlegar beiðnaleiðir.

Umsjón:

Vinnuhópur undir forystu menntasviðs með þátttöku verkefnastjóra íbúatengsla, verkefnastjóra innleiðingar Barnasáttmála og velferðarsviðs.

Verkþættir:

1. Samráðsfundir um stöðuna og þörfina.
2. Ákvarðanir um aðgerðir á grundvelli stöðu og þarfar.
3. Innleiðing tilkynningahnapps (tengist aðgerð 4).
4. Tilraunaverkefni með 10. bekkingum.
5. Lokafasi innleiðingar ábendingaapps (tengist aðgerð 4).
6. Námskeið fyrir starfsfólk haldin á endurmenntunartíma skólanna.

Staða aðgerðar:

Sálfræðingar eru starfandi í öllum grunnskólum Kópavogsbæjar og stuttur sem enginn biðlisti eftir þjónustu þeirra. Eftir samráð við lögfræðing bæjarins og lestur álits Umboðsmanns barna[8] um hvort börn megi fara ein til sálfræðings var farið í tilraunaverkefni í sex grunnskólum þar sem nemendur í 10. bekk grunnskólanna geta óskað eftir viðtali við sálfræðing milliliðalaust, kjósi þau það. Þó er það skýrt að ef þörf verður á frekari samtölum, greiningu eða meðferð þá verði forráðamenn upplýstir. Samhliða viðtölum veita sálfræðingar fræðslu um geðrækt fyrir 10. bekkinga þar sem þeir kynna starfið sitt og upplýsa nemendur um viðtölin sem standa þeim til boða.

Auk þess að gera tilraun til að auðvelda 10. bekkingum aðgang að skólasálfræðingum verður jafnframt lögð áhersla á að allir starfsmenn bæjarins, og þá ekki síst þeir sem starfa með börnum og ungmennum,

[8] https://www.barn.is/born-og-unglingar/spurt-og-svarad/mega-born-fara-ein-til-salfraedings

séu allir umboðsmenn barna og þurfa þeir að vera vakandi fyrir velferð þeirra, hegðun, skilaboðum og líðan.

Aðgerð 8 tengist aðgerð 4 en hún miðar að því að auka aðgengi barna og ungmenna í Kópavogi að aðstoð en líka að auðvelda þeim að koma með almennar athugasemdir eða fyrirspurnir. Þannig var tilkynningahnappurinn settur svo að börn gætu sjálf sent inn tilkynningar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart börnum. Tilkynningahnappur birtist í spjaldtölvum nemenda í 5. -7. bekk en allir nemendur í grunnskólum Kópavogs fá afhenta spjaldtölvu til að nýta í skólastarfi. Síðar á árinu 2021 verður sett upp annað ábendingaapp sem auðveldar börnum og ungmennum að koma með almennar eða sértækar ábendingar til bæjarins. Foreldrar fengu fræðslu um tilkynningahnappinn og verða einnig upplýstir um ábendingaappið þegar það verður sett upp. Hnappurinn og appið auk samtala við kennara og/eða starfsfólk frístundar og félagsmiðstöðva mun auka möguleika barna á að finna viðeigandi bjargir. Tekið skal fram að þegar er til staðar ábendingasíða fyrir börn rétt eins og aðra íbúa á heimasíðu bæjarins.

Í september 2021 verður haldið námskeið fyrir kennara, starfsfólk frístunda og félagsmiðstöðva þar sem fjallað verður um virka hlustun, lýðræði, lýðræðislega ákvörðunartöku og samfélagslega ábyrgð. Íþróttafélögin eru upplýst um námskeiðið og stefnt er á að bjóða þeim þátttöku á næstu námskeiðum. Kynntir verða sérstaklega möguleikar sem eru í boði í Kópavogi fyrir börn og ungmenni til að hafa áhrif á málefni er tengjast þeim. Auk þess verður boðið upp á önnur námskeið sem auka þekkingu starfsfólks á virkri hlustun og því að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Námskeið þessi eru hluti af aðgerð 8 og tengjast líka þjálfunarhluta aðgerðar 4. Námskeiðin verða annars vegar kennd í staðkennslu og hins vegar í fjarkennslu, svokallaðri vendikennslu.

Tímaáætlun:

Í aðgerðaáætlun var gert ráð fyrir að afrakstur þessarar aðgerðar yrði þarfagreiningavinna með fjárhagsáætlun. Það varð fljótt ljóst að lögð yrði áhersla á að setja upp tilkynningahnapp og ábendingaapp og á síðari stigum, eftir samráð við lögfræðing bæjarins og lestur álits umboðsmanns barna að fara í tilraunaverkefni með 10. bekkingum grunnskólanna samanber það sem greint er frá hér að ofan. Búið er að hanna námskeiðin, sem boðið verður upp á í endurmenntunartíma kennara í haust.

Mæling:

Hér var gert ráð fyrir að tilbúin yrði þarfagreining og með henni fjárhagsáætlun. Aðgerðin komst mun lengra og var farið áfram í ákveðnar aðgerðir samanber það sem fram kemur í stöðu verkefnisins.

Mat á notkun nema í 10. bekk á sálfræðitímum verður gert í júní.

Nýjar leiðir fyrir börn og ungmenni að senda beint inn upplýsingar og almennar athugasemdir. Í þessu verkefni var sett í algjöran forgang að koma á tilkynningahnappi til barnaverndar fyrir börn. Vinnan við ábendingaappið er komin vel á veg og verður það tilbúið að hausti 2021 (tengist að gerð 4).

Þátttaka starfsfólks í námskeiðum sem hluti af innleiðingu ferils sem tryggir reglulegt samráð við börn og ungmenni í Kópavogi. Fyrirlestrar námskeiðsins verða gerðir aðgengilegir á netinu eftir september 2021 og eftirfylgni verður með að þau verði endurflutt. Jafnframt verða þátttakendur beðnir um að meta námskeiðin sjálf.

Aðgerð 9: Skoða og leggja mat á álag á börnum og ungmennum á öllum skólastigum

Markmið aðgerðar:
Að leggja mat á álag á börnum í grunn og leikskólum.

Umsjón:

Sérfræðingur lýðheilsumála í samstarfi við menntasvið og menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Verkþættir:

1. Finna heppilega samstarfsaðila með góða rannsóknaþekkingu og reynslu.
2. Skoða tegund spurninga og leggja mat á gildi þeirra og mikilvægi.
3. Setja upp könnun gagnvart grunnskólabörnum, leikskólastarfsfólki og foreldrum leikskólabarna.
4. Ákveða tímasetningu á söfnun gagna – frestast vegna Covid-19.
5. Söfnun gagna – frestast vegna Covid 19.
6. Úrvinnsla gagna og samantekt skýrslu – frestast vegna Covid-19.

Staða aðgerðar:

Rannsókn á álagi á börnum og ungmennum í Kópavogi hefur verið undirbúin í samstarfi við prófessor og lektor á menntavísindasviði Háskóla íslands. Fulltrúar menntasviðs Kópavogsbæjar tóku virkan þátt í undirbúningi ásamt verkefnastjóra innleiðingar Barnasáttmálans. Leggja átti könnunina fyrir í október 2020 en vegna ástandsins í samfélaginu þar sem hindranir og álag var talsvert í tengslum við Covid-19 var ákveðið að fresta rannsókninni og vinna hana haustið 2021. Að gera rannsóknina á tímum Covid-19 hefði ekki getað gefið rétta mynd af álagi sem alla jafna er á börnum í daglegri rútínu. Rannsóknin nær til barna í efstu bekkjum grunnskólanna, foreldra og starfsmanna leikskóla. Því var einungis lokið við fjóra fyrstu verkþætti sem listað er upp hér að ofan.

Tímaáætlun:

Niðurstöður áttu að vera tilbúnar um áramót 2020-21 en eins og fram kemur í stöðu aðgerðar hér að ofan verður í fyrsta lagi hægt að leggja könnunina fyrir haustið 2021 og því frestast það um ár að fá niðurstöður þessarar rannsóknar.

Mæling:

Rannsóknarniðurstöður á álagi á börnum í grunnskóla og leikskóla. Ef ástæða er til þarf að skoða hvort hægt sé að þróa nýjan mælikvarða er lýtur að álagi á börnum.

Aðgerð 10: Fara yfir vinnuaðstöðu barna í grunnskólum á grundvelli niðurstaðna kortlagningar

Markmið aðgerðar:
Að yfirfara aðstöðu barna á grunnskólaaldri á grundvelli þess sem fram kom í kortlagningu og ef ástæða er til að vinna að viðeigandi úrbótum.

Umsjón:

Vinnuhópur undir forystu menntasviðs.

Verkþættir:

1. Yfirfara niðurstöður kortlagningar m.t.t. vinnuaðstöðu.
2. Leggja mat á niðurstöðurnar og fýsileika.
3. Athuga með að eiga frekara samtal við börn til að öðlast betri skilning á skoðunum þeirra.
4. Vinna tillögur á grundvelli niðurstaðna 1. og 2.

Staða aðgerðar:

Þessari aðgerð var ekki hægt að koma við á tímum Covid-19. Stefnt er að því að vinna með þetta verkefni haustið 2021. Leitað verður samráðs við börn og í framhaldinu sett fram þarfagreining.

Tímaáætlun:

Stefnt var að því að ljúka þessari yfirferð árið 2021. Vegna Covid-19 og tafa þeim tengdum er nú gert ráð fyrir að þessi aðgerð fari í næstu aðgerðaáætlun.

Mæling:

Niðurstaða skoðunar. Mögulega verða til nýjar mælingar þessu tengdu sem gætu nýst í mælaborð barna.

Aðgerð 11: Forvarna- og heilsueflingarmál yfirfarin

Markmið aðgerðar:
Yfirfara forvarna- og heilsueflingarmál miðuð að börnum. Hér var átt við grunnskólabörn.

Umsjón:

Deildarstjóri frístundadeildar í samvinnu við grunnskóladeild.

Verkþættir:

1. Farið kerfisbundið yfir forvarnaráætlanir skóla.

2. Hvetja skóla til að nýta niðurstöður kannana er snúa að börnum í forvarnastarfi sínu.
3. Setja fram leiðbeiningar sem geta gagnast hverju skólahverfi við gerð forvarnaráætlunar.
4. Efla sértækt hópastarf með öflugum forvörnum í félagsmiðstöðvum.

Staða aðgerðar:

Í mælingu í aðgerðaáætlun segir að liggja skuli fyrir stefna um fræðslu heilsueflingar og forvarna meðal barna og ungmenna. Við gerð aðgerðaáætlunar var ekki rétt hugtakanotkun því þegar liggur fyrir stefna í lýðheilsumálum í Kópavogi, lýðheilsustefna sem allar stofnanir og deildir bæjarins vinna eftir, þar á meðal grunnskólar. Orðalag í mælingu hefði því átt að vera að fyrir lægi forvarnaráætlun. Grunnskólar Kópavogsbæjar hafa allir sjálfstæði og svigrúm til að útfæra forvarnaráætlun með tilliti til stöðu og þarfa sinna hverfa.

Forvarnaráætlanir

Í forvarnaráætlunum eru m.a. áætlun í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun um hvernig unnið er með skólabrag og agastjórnun, heilsuefling, hinsegin fræðsla, kynsegin fræðsla og fræðsla um starfræna borgaravitund. Forvarnaráætlanir skólanna byggjast á samstarfi skóla, frístunda, félagsmiðstöðva og oft nemenda- og foreldrafélaga. Við vinnslu forvarnaráætlana er meðal annars horft til niðurstaðna mælaborðs barna og skólaskýrslna Rannsókna og greininga sem og annarra upplýsinga um skólahverfi.

Forvarnaráætlanir skólanna er að finna á heimasíðum þeirra. Í Kópavogi eru níu grunnskóla sjö af þeim hafa þegar sett forvarnaráætlanir sínar á heimasíður skólanna; forvarnaráætlun Álfhólsskóla[9], forvarnaráætlun Kársnesskóla[10], forvarnaráætlun Kópavogsskóla[11], forvarnaráætlun Lindaskóla[12], forvarnaráætlun Salaskóla[13] og forvarnaráætlun Snælandsskóla[14] og forvarnaráætlun Vatnsendaskóla[15]. Hörðuvallaskóli og Smáraskóli eru að ljúka vinnu við sínar áætlanir.

[9] Forvarnaráætlun | Álfhólsskóli (alfholsskoli.is)
[10] Forvarnaraaetlun2020.pdf (karsnesskoli.is)
[11] Forvarnir - yfirlit | Kópavogsskóli (kopavogsskoli.is)
[12] Forvarnarstefna Lindaskóla | Lindaskóli (lindaskoli.is)
[13] Forvarnaráætlun – Salaskóli (salaskoli.is)
[14] https://snaelandsskoli.is/aaetlanir/forvarnaraaetlun/
[15] https://vatnsendaskoli.is/wp-content/uploads/sites/10/2021/04/forvorn_21.pdf

Sett hafa verið saman viðmið um forvarnaáætlanir til að nýta við reglulega yfirferð á þeim.

MARKMIÐ	LEIÐIR
Markmið heilsueflingar- og forvarnastarfs meðal grunnskólabarna er að styrkja sjálfsmynd barna, kenna þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, tileinka sér hollar lífsvenjur og eiga í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra. Forvarnaráætlanir skóla og skólahverfa taka mið af aðalnámskrá grunnskóla, Barnasáttmála og heimsmarkmiðunum. Forvarnaáætlanir skóla og skólahverfa eru leiðavísar í heilsueflingar og forvarnarstarfi hvers skólahverfis og byggir á bestu fáanlegu gagnreyndu upplýsingum um stöðu barna í hverfinu, heilsu þeirra og líðan. Árangursrík heilsuefling og forvarnarvinna byggir á að styrkja börn þannig að þau geti tekið heilbrigðar ákvarðanir varðandi líf sitt.	Að Forvarnaráætlun taki mið af nýjustu niðurstöðum mælaborðs og annarra aðgengilegra gagna um heilsu og líðan barna í Kópavogi og hverfinu ef slík gögn liggja fyrir. Að forvarnarstarf taki mið af aldri og þroska barnanna og hægt að byggja ofan á hana eftir því sem þau þroskast. Að heilsueflingar- og forvarnarstarf sé samræmt og með þátttöku nemenda og starfsfólks skóla, frístundar og félagsmiðstöðva. Að nemendur, foreldrar og forráðamenn séu hvattir til virkrar þátttöku í heilsueflingar- og forvarnarstarfi skólanna. Að eiga í góðu samstarfi við íþróttafélögin og önnur félagasamtök sem leggja áherslu á jákvæða uppbyggingu með börnum.

Næsta skref vegna vinnu við forvarnaráætlanir skólahverfa er að halda vinnufundi í hverju hverfi þar sem allir aðilar skólasamfélagsins eru þátttakendur þ.e. fulltrúar skóla, frístunda, félagsmiðstöðva, nemenda og foreldra. Á vinnufundunum verður megin áherslan á samtal og samráð um almennar forvarnir innan skólahverfis, hvernig við nýtum niðurstöður kannana og hvernig styrkja megi starfsfólk inn skóla og frítímastarfs til að sinna forvörnum. Jafnframt verða forvarnaráætlanir rýndar út frá ofangreindum viðmiðum og leitað leiða til að bæta þær enn frekar.

Sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum

Félagsmiðstöðvastarfinu er ætlað að styðja við félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun og heilbrigði. Áhersla er lögð á að ná til þeirra unglinga sem þarfnast félagslegs stuðnings og bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Meðal þess starfs sem unnið hefur verið í félagsmiðstöðvum er sértækt hópastarf.

Meginmarkmið með sértæku hópastarfi er að virkja unglinga til þátttöku í skipulögðum verkefnum og hjálpa þeim að takast á við félagslegar aðstæður. Slíkt starf hefur mikið forvarnargildi og nauðsynlegt mörgum unglingum til að þeir standi styrkari fótum í lífinu. Það er því gríðarlega mikilvægt að vanda bæði val og skipulag á sértæku hópastarfi og undirbúa það vel með traustum markmiðum og markvissu mati á því sem fer þar fram. Starfshópur hefur á skólaárinu 2020-2021 unnið að eflingu sértæks hópastarfs.

Hópurinn hefur sett fram megináherslur sem unnið skal eftir en þær eru:

- Sporna gegn félagslegri einangrun
- Sporna gegn einelti
- Móttaka unglinga með annað móðurmál en íslensku

Vinnuhópurinn hefur einnig unnið að gerð verkfærakistna þar sem gögnum er safnað saman til að styðja betur við stjórnendur og starfsfólk. Dæmi um gögn sem hópurinn hefur unnið í verkfærakistur eru t.d. gátlistar fyrir starfið til að tryggja betur fagleg vinnubrögð. Vinnuhópurinn hefur jafnframt tekið saman verkefni sem unnin eru nú þegar í sértæku hópastarfi og metið þau út frá faglegu sjónarmiði. Yfirlit yfir þau verkefni fara í verkfærakistu, þannig er betur hægt að deila góðum verkefnum og þróa þau enn frekar.

Dæmi um verkefni er rafíþróttaklúbbur en tilgangur hans er að sporna gegn félagslegri einangrun unglinga, virkja þátttakendur í hópastarfi undir leiðsögn fagfólks og gefa þeim möguleika á að stunda áhugamál með jafningjum í öruggu, uppbyggilegu og jákvæðu umhverfi. Oft eru þátttakendurnir unglingar sem taka annars ekki þátt í skipulögðum tómstundum. Rafíþróttaklúbburinn eflir félagsþroska, fræðir þátttakendur um heilbrigðan lífsstíl, heilbrigða tölvu- og nethætti en félags- og forvarnargildi hópíþrótta eru vel þekkt. Með því að gera tölvuleikjaspilun í hóp aðgengilegri og áhugaverðari verður spilun í einrúmi heima ekki jafn spennandi og þannig getur þátttaka í rafíþróttaklúbbi spornað gegn félagslegri einangrun.

Jafnframt má nefna dæmi um hópa þar sem unnið er með sjálfmynd og félagslega einangrun stúlkna og drengja.

Einnig er efni eins og *„Sjúkást“*, sem er verkefni á vegum Stígamóta um ofbeldi í samböndum ungmenna nýtt inn í hópastarfið. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn ofbeldi með því að fræða ungt fólk um mörk og samþykki. Annað verkefni er *„Örugg Saman“* en það er námsefni gefið út af Embætti

landlæknis og er forvarnarverkefni um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í samböndum unglinga sem ætlað er til kennslu í efri bekkjum grunnskóla.

Nemendum í 5. til 7. bekk er boðið að koma í félagsmiðstöðvar í sínum hverfum, alla jafna tvisvar í mánuði en stundum oftar. Tilgangur opnunarinnar er að bjóða alla velkomna, kynna starf félagsmiðstöðvanna og bjóða upp á skemmtilega og uppbyggilega afþreyingu t.d skotboltakeppni, útileiki, Tie Dye bolamálun, kökukeppni, hópeflisleiki og böll svo eitthvað sé nefnt. Í flestum félagsmiðstöðum er miðstiginu boðið að hafa miðstigsráð sem ákveður dagskrá fyrir miðstigið og getur þannig haft áhrif á starf miðstigsins, en starfsfólk aðstoðar við undirbúning. Tilgangurinn er sömuleiðis að miðstigið kynnist starfi félagsmiðstöðva, þekki starfsfólkið og upplifi sig örugg þegar þau koma á unglingastigið. Á vorin er nemendum 7. bekkja boðið að mæta á kvöldopnanir félagsmiðstöðva.

Forvarnarvika hefur verið haldin til margra ára á vegum frístundadeildar Kópavogsbæjar í félagsmiðstöðvum barna- og unglinga og ungmennahúsi. Með forvarnarvikunni er verið að vekja ungt fólk og bæjarbúa alla til umhugsunar um ákveðin málefni og þekkingu og ábyrga umræðu um málefnið. Við skipulag á forvarnarviku hefur verið horft til lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar sem og niðurstöður í mælaborði barna. Búið er að stofna vinnuhóp til að móta tillögu að forvarnaviku allra stofnanna menntsviðs.

Stöðugt er leitast við að endurmeta forvarnar- og heilsueflingarstarf og niðurstöður kannanna og rannsókna nýttar í því skyni. Sem dæmi má nefna að þegar rafrettunotkun meðal ungmenna fór vaxandi var strax gripið til forvarnarverkefna til að upplýsa foreldra og ungmenni um afleiðingar slíkrar notkunar á heilsu og líðan. Áhrifin skiluðu sér í minnkandi rafrettunotkun meðal ungmenna í Kópavogi.

Tímaáætlun:

Í aðgerðaáætlun var gert ráð fyrir að vinnuhópur yrði skipaður 2020 sem myndi skila af sér hugmyndum. Vinnuhópurinn hefur lagt fram almennar leiðbeiningar við áætlanagerðina og skólum er tryggt fjármagn til að útfæra og innleiða sínar forvarnaráætlanir.

Mæling:

Í mælingu í aðgerðaáætlun segir að til skuli verða stefna um fræðslu heilsueflingar og forvarna meðal barna og ungmenna. Eins og áður er gert grein fyrir er hér um hugtakarugling að ræða og mæling því sú að allir skólar hafir forvarnaráætlun.

6. *Umhverfismál*

Aðgerð 12: Að virkja áhuga barna á umhverfismálum, fræða þau og tryggja aðkomu þeirra í málaflokknum

Markmið aðgerðar:
Að virkja áhuga barna á umhverfismálum, fræða þau og tryggja aðkomu þeirra í málaflokknum.

Umsjón:

Vinnuhópur undir forystu menntasviðs.

Verkþættir:

Kópavogsbær var með margar umfangsmiklar hugmyndir við vinnslu þessarar aðgerðar enda málaflokkurinn stór. Verkefnastjóri og stýrihópur áttuðu sig ekki á að til að fara í gegnum fyrsta viðurkenningaferli UNICEF ættu allar aðgerðir í aðgerðaáætlun að vera lokið. UNICEF gerði ekki athugasemdir við umfangsmikla aðgerðina þegar aðgerðaáætlun Kópavogs var samþykkt. Raunin hefur orðið sú að Kópavogsbær hefur lagt áherslu á að koma áfram og ljúka fyrsta verkefninu sem listað var undir verkþáttum í aðgerðaáætlun enda það verkefni eitt og sér mjög umfangsmikið: að uppfæra efni bókarinnar „Þar á ég heima“ og gera aðgengilegt á vefsíðu auk verkefnabanka sem tekur nokkur ár að byggja upp. Verkþættir þessarar aðgerðar hafa verið eftirfarandi:

1. Vinnuhópur hist á fjölmörgum hugarflugsfundum.
2. Að uppfæra efni bókarinnar „Þar á ég heima“ gert að forgangsverkefni.
3. Sólrún Harðardóttir fengin til liðs við starfsfólk Kópavogsbæjar, enda höfundur bókarinnar.
4. Smærri vinnuhópur settur saman, m.a. með fulltrúum náttúrufræðikennara sem hafa umfangsmikla menntun og reynslu af náttúrufræðikennslu. Vinnuhópur hittist oft.
5. Mikil vinna sett í kortlagningu en margir nýir staðir hafa orðið til sem útikennslusvæði á undanförnum árum og ný umhverfisverkefni litið dagsins ljós.
6. Verkefnastjóri í upplýsingatækni á menntasviði fengin til liðs við vinnuhóp og vefur verður til.
7. Byrjað að setja inn fyrirliggjandi upplýsingar á vefinn.
8. Vefur tilbúinn til að sýna smærri hópi fólks og áfram haldið að bæta við hann.

Staða aðgerðar:

Þótt megin áherslan í innleiðingarferli þessarar aðgerðar snúi að fyrsta þættinum í yfirlitinu sem fram kemur í aðgerðaáætlun þá er ekki þar með sagt að ekkert sé unnið í hinum þáttunum. Náttúrufræðikennarar fara í fræðandi heimsóknir með nemendur sína og Guðmundarlundur er nýttur af leik- og grunnskólum til heimsókna með nemendur.

Þá ber að geta þess að Vinnuskólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á kennslu í umhverfismálum. Starfsmaður er ráðinn í það verkefni að sumri. Vinnuskólinn fer meðal annars með þátttakendur í heimsókn til SORPU gas- og jarðgerðarstöð.

Náttúrufræðikennarar grunnskólanna eru með ýmis áhugaverð verkefni í gangi til að efla umhverfisvitund barna. Stefnt er að því að safna saman þessum góðu verkefnum en jafnframt að nýta bókina „Þar á ég heima“ (2001) eftir Sólrúnu Harðardóttur. Bókin fjallar um náttúru Kópavogs og hefur að geyma ýmis áhugaverð verkefni henni tengdri. Sólrún Harðardóttir var fengin til liðs við starfsfólk Kópavogsbæjar til að uppfæra efni bókarinnar, setja upp á vefsíðu og hefja í leiðinni uppbyggingu á verkefnabanka sem m.a. verður tengdur starfi Náttúrufræðistofu Kópavogs. Hægt verður að bæta við nýjum verkefnum og hugmyndum að vettvangsferðum.

Hluti verkefnanna munu flokkast sem rannsóknaverkefni þannig að sett verði upp lítil rannsóknaverkefni fyrir unga vísindamenn s.s. telja fugla og vinna skordýrarannsóknir. Í samstarfi við Náttúrfræðistofu má vinna frekar úr gögnunum sem jafnframt nýtast vel sem vöktunargögn. Spjaldtölvur nýtast vel í þessum verkefnum. Þá mætti setja upp fleiri verkefni svo sem að læra heiti trjáa, blóma, fugla, skoða hringrás árstíðanna, auðlindir okkar svo sem vatnið og verndun auðlindanna.

Jafnframt má geta þess að Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur nú hlotið styrk úr Loftlagssjóði Rannís fyrir verkefni sem kallað er „Leggjum línurnar“. Verkefnið er hannað fyrir 10. bekk grunnskóla og snýst um að efla vitund ungmenna um loftslagsmál í víðu samhengi með samblandi af fræðslu og verklegum úrlausnarefnum. Nemendurnir munu fá innsýn inn í vísindaleg vinnubrögð og meðhöndlun gagna þar sem annars vegar verður unnið með veðurgögn sem nemendur safna í nærumhverfi sínu og hins vegar aðgengileg gögn um veðurfar og loftslag erlendis frá. Miðað er við að hver hópur taki fyrir loftslagsþróun í einu landi yfir langt tímabil og vinni s.k. loftslagslínur. Í lokin verða loftslagslínur allra hópanna teknar saman og heildarmynd loftslagsbreytinga síðustu áratuga skoðuð á heimsvísu á samræmdu myndrænu formi. Leitast verður við að opna augu nemenda fyrir „stóru myndinni“ og samhengi hlutanna hvað loftslagsmál og loftslagsvána varðar, en ekki síður að valdefla þá og hvetja til eigin lausnaleitar og aðgerða. Hér er því einnig á ferðinni verkefni sem tengir börn á alþjóða vísu (sjá aðgerð 18).

Tímaáætlun:

Umfang verkefnisins er stórt og því ekki auðvelt að setja inn fastar tímasetningar á áfangana, nema þann áfanga að hafa tilbúna vefsíðu um bókina „Þar á ég heima“. Fyrsta útgáfa er tilbúin en í næstu aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar verður vefurinn þróaður frekar auk þess sem skoðaðar verða aðrar aðgerðir tengdar umhverfismálum.

Mæling:

Samkvæmt aðgerðaáætlun var stefnt að því að hafa tilbúinn vef og verkefnabanka. Fyrsta útgáfa vefsins er tilbúin og verið er að bæta inn verkefnum í verkefnabankann.

7. *Stjórnsýsla*

Aðgerð 13: Yfirfara og skerpa á verklagsreglum bæjarins er lúta að tilkynningum til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni

Markmið aðgerðar:
Að verklagsreglur bæjarins séu skýrar er varðar tilkynningar til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni. Fara yfir verklagsreglur á öllum starfsstöðum bæjarins þar sem börn koma eða dvelja og uppfæra gæðahandbók eftir því sem þarf. Tryggja samræmi milli starfsstöðva sem vinna með börnum og setja upp kynningaráætlun á verklagsreglum. Þá þarf að endurmeta heiti verklagsreglna, hafa framsetningu skýrari og bregðast við athugasemdum skólastjórnenda.

Umsjón:

Deildarstjórar leikskóla- og grunnskóladeildar ásamt deildarstjóra barnaverndar bera ábyrgð á endurskoðun reglnanna og myndrænni framsetningu þeirra. Í samráðshópi um endurskoðun reglna sátu einnig skólastjóri grunnskóla og aðstoðarskólastjóri leikskóla ásamt aðkomu lögfræðings og verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu.

Verkþættir:

1. Endurskoðun reglna í samráðshópi.
2. Uppsetning reglna í formi vinnulýsingar í gæðakerfi bæjarins.
3. Einfölduð útgáfa nýrra verklagsreglna sett fram á auðskiljanlegan og myndrænan máta.
4. Ábyrgð á endurskoðun reglna skilgreind í vinnulýsingu.
5. Ákvæði um kynningu reglnanna bætt við vinnulýsinguna.
6. Nýjar endurskoðaðar reglur kynntar stjórnendum stofnanna.

Staða aðgerðar:

Þessi aðgerð tengist aðgerð 7. Verklagsreglur sem þegar eru í gildi hafa verið yfirfarnar og endurskoðun hefur farið fram í samráðshópi með aðkomu lögfræðings og verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfelldar þjónustu.

Tekin var ákvörðun um að útvíkka reglurnar með þeim hætti að þær nái til allra stofnana bæjarins þar sem börn dvelja eða sækja þjónustu. Þær voru endurnefndar „Verklagsreglur vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar“. Með breytingunum er tryggt að reglurnar nái til allra þeirra þátta sem skv. barnaverndarlögum er skylt að tilkynna til barnaverndar um þ.e. ofbeldi, vanræksla og áhættuhegðun. Reglurnar voru settar upp í formi vinnulýsingar sem vistuð er í gæðakerfi bæjarins þar sem tryggt er að regluleg endurskoðun fari fram og ljóst hvar ábyrgð á einstökum þáttum hennar liggur.

Reglurnar voru skýrðar með þeim hætti að þær leiða þann sem þær hefur í höndum í gegnum ferlið sem á að fara af stað ef grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barns. Þær leiðbeina viðkomandi í gegnum ferlið, hvers þurfi að gæta að og skýra hver ber ábyrgð á hverju skrefi.

Búið er að fela auglýsingastofu að setja einfaldaða útgáfu þessara reglna upp myndrænt í stuttum bæklingi sem ætlaður er almennum starfsmönnum stofnana og öðrum íbúum Kópavogsbæjar.

Í 8. lið vinnulýsingar segir að verklagsreglur ásamt bæklingi skulu endurskoðaðar að vori annað hvert ár og ný útgáfa kynnt öllum stjórnendum stofnana. Deildarstjórar leikskóla- og grunnskóladeildar ásamt deildarstjóra barnaverndar bera ábyrgð á endurskoðun reglnanna og bæklings. Kynningar fara fram að hausti á reglubundnum fundum stjórnenda stofnana eða þeim vettvangi sem best hentar hverri stofnun.

Á ári hverju, í tengslum við kynningar á tilkynningahnöppum barnaverndar, kynna stjórnendur verklagsreglurnar, bæklinginn og verklag stofnunarinnar sjálfrar hvað varðar tilkynningar til barnaverndar fyrir öllum starfsmönnum og skal bæklingurinn vera aðgengilegur á kaffistofum, biðstofum eða annarsstaðar sem við á. Bæklingurinn skal einnig vera uppfærður og aðgengilegur á heimasíðu Kópavogsbæjar sem og heimasíðum einstakra stofnana.

Tímaáætlun:

Vinna hófst árið 2020 eins og fram kemur í aðgerðaáætlun og stefnt er á að kynningum fyrir stjórnendum allra stofnanna bæjarins verði lokið fyrir 1. október 2021.

Mæling:

Að verklagsreglur hafi verið endurskoðaðar, settar upp myndrænt og áætlun um kynningu á þeim lögð fram.

Aðgerð 14: Yfirfara jafnréttis- og mannréttindaáætlun Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna og ungmenna

Markmið aðgerðar:
Yfirfara jafnréttis- og mannréttindaáætlun Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna og ungmenna.

Umsjón:

Jafnréttis- og mannréttindaráð.

Verkþættir:

Verkefnið fól í sér þann eina verkþátt að yfirfara jafnréttis- og mannréttindaáætlun Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna og ungmenna.

Staða aðgerðar:

Jafnréttis- og mannréttindaráð yfirfór jafnréttis- og mannréttindaáætlun Kópavogsbæjar með hliðsjón af Barnasáttmálanum á fundi sínum þann 17. september 2020. Niðurstaða ráðsins var að áætlunin samræmdist sáttmálanum enda var við gerð áætlunarinnar höfð hliðsjón af Barnasáttmálanum.

Sérstakur kafli í jafnréttisáætluninni fjallar um Barnasáttmálann og innleiðingu hans. Ný útgáfa sem gildir frá 2019 til 2023 hefur þegar verið gefin út[16].

Tímaáætlun:

Samkvæmt aðgerðaáætlun átti vinna að hefjast eigi síðar en 2020. Vinnan var unnin 17. september 2020 eins og fram kemur hér að ofan.

Mæling:

Yfirfarin jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar sem hefur verið lokið.

Aðgerð 15: Yfirfara verkferla og gæðakerfi með hliðsjón af réttindum barna s.s. að hafa ungmennaráð og önnur börn og ungmenni inni sem formlegan umsagnaraðila

Markmið aðgerðar:
Yfirfara verkferla og gæðakerfi með hliðsjón af réttindum barna.

Umsjón:

Verkefnastjóri íbúatengsla í samstarfi við gæðastjóra.

Verkþættir:

1. Markviss yfirferð á verkferlum og gæðakerfi Kópavogsbæjar m.t.t. réttinda barna og ungmenna.
2. Tillögur að umbótum við núverandi verkferla og gæðakerfi lagðar fram til ritstjórna verkferla og gæðakerfis.
3. Tillögur að viðbótum (s.s. varðandi verkferil um samráð vegna skipulagsmála) lagðar fram til ritstjórna verkferla og gæðakerfis.

Staða aðgerðar:

Þessi aðgerð tengist aðgerðum 3 og 13. Gæðastjóri í samstarfi við tengilið barna tryggir aðkomu barna að málefnum sveitarfélagsins, sérstaklega málefnum er varða börn og ungmenni og innleiða þannig markvisst 12. grein Barnasáttmálans um rétt barna til að tjá sig og að á þau sé hlustað.

Gæðakerfið hefur verið skoðað og verkferlar yfirfarnir með tilliti til réttinda barna. Tillögur hafa verið lagðar fram í VLS-0024, meðferð erinda í nefndum og VER-0079 erindi frá nefndum og ráðum, þar er mælst til að tenging verði við Barnasáttmálann og aðkomu barna. Gert er ráð fyrir að sú breyting eigi sér stað þegar endurskoðun á reglunum á sér stað sumarið 2021.

Í erindisbréfi ungmennaráðs kemur fram að ráðið getur gefið umsögn um mál er snúa að börnum og ungmennum og að hægt er að senda þeim erindi til umsagnar. Deildarstjóri frístundadeildar hefur séð

[16] https://www.kopavogur.is/static/files/Stefnur/jafnrettisaaetlun-kopavogsbaejar-2019-2022.pdf

um að senda á hverju hausti kynningarbréf á öll ráð og allar nefndir Kópavogsbæjar til að minna á þau og kemur tengiliður barna að þeirri vinnu með deildarstjóranum.

Jafnframt er nú í vinnslu tillaga um verkferil samráðs í skipulagsmálum, þar sem ungmennaráð og/eða börn og unglingar eru sérstaklega tiltekin í skilgreiningu hagsmunaaðila. Þess skal þó getið hér að á meðan á umsagarferli stóð við umdeildar og umfangsmiklar skipulagsbreytingar í miðbæ Kópavogs í janúar og febrúar 2021, var ungmennaráð sérstaklega beðið um að kynna sér málið og koma með ábendingu eða athugasemdir, og tók ráðið mjög vel í þá umleitun.

Einnig er vísað í umfjöllun um aðgerð 13.

Tímaáætlun:

Vinna hófst árið 2020 og er í fullum gangi árið 2021 allt þar til endurskoðun á reglunum hefur átt sér stað. Ekki er unnt að flýta þessu ferli þar sem endurskoðun á, og viðbætur við ferla, fylgja ákveðnu og umfangsmiklu umsagnar- og þátttökuferli innan mismunandi sviða og deilda sveitarfélagsins. Stefnt er að því að stórum hluta vinnunnar ljúki haustið 2021.

Mæling:

Uppfærðir og samþykktir gæða- og verkferlar þar sem skapað hefur verið rými fyrir þátttöku barna.

Aðgerð 16: Barnamiðuð fjármál hjá Kópavogsbæ

Markmið aðgerðar:
Í aðgerðaáætlun er þessi aðgerð kölluð *„Stefna á að hafa barnamiðaða fjárhagsáætlun hjá bænum“*. Hér köllum við hana: *„Barnamiðuð fjármál hjá Kópavogsbæ“*. Ástæðan er sú að miðað við núverandi greiningarstöðu hefur einungis verið skoðaður samþykktur ársreikningur. Þessi aðgerð var unnin í samstarfi við UNICEF sem er að þróa greiningarmódel með það að markmiði að geta reiknað: „mælitölu barnvænna fjármála“. Módelið er enn í þróun en gert er ráð fyrir að hægt verði að nota það fyrir fjárhagsáætlanir í framtíðinni.

Umsjón:

Fjármálastjóri og verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans í samstarfi við fulltrúa úr stýrihópi.

Verkþættir:

1. Starfsmaður UNICEF á Íslandi þróar greiningarmódel í excel sem hluta af sínu háskólanámi.
2. Kópavogsbær gerist tilraunasveitarfélag í að setja nýjasta samþykkta ársreikninginn inn í greiningarmódelið.
3. Samráð milli aðila (Kópavogsbær, UNICEF) á vinnslutíma.
4. Ársreikningur 2019 er þegar greindur.
5. Frekari þróun á útreikningum „mælitölu barnvænna fjármála“ er í höndum UNICEF

Staða aðgerðar:

Í samstarfi við UNICEF á Íslandi hefur verið þróað módel í excel þar sem Kópavogsbær hefur reiknað „mælitölu barnvænna fjármála“. Þegar er búið að greina ársreikning ársins 2019 með tilliti til þess hversu miklum fjármunum var varið beint til barna og málefna þeirra það árið. Með því að greina ársreikninga með þessum hætti er hægt að fylgjast með breytingum á fjármagni sem varið er til barna ár hvert. Slíkt mætti einnig gera fyrir fjárhagsáætlanir. „mælitala barnvænna fjármála“ er enn í þróun en Kópavogsbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að gera slíka greiningu. Þegar útreikningar á bak við „mælitölu barnvænna fjármála“ hafa verið endanlega ákveðnir er hægt að gera frekari greiningar og mögulega verður til ný mælitala til að hafa í mælaborði barna.

Tímaáætlun:

Við gerð aðgerðaáætlunar var ekki gert ráð fyrir að búið væri fara í svo mikla greiningu sem raunin hefur orðið á enda var óljóst við gerð áætlunar hvernig best væri að vinna barnamiðaðar fjárhagsáætlanir. Í næstu aðgerðaáætlun verður vonandi hægt að taka þetta verkefni lengra í samstarfi við UNICEF.

Mæling:

Mæling þessarar aðgerðar átti að vera niðurstaða vinnuhóps um innleiðingu barnamiðaðrar fjárhagsáætlunar hjá Kópavogsbæ. Í raun hefur vinnan komist lengra fyrir tilstilli reiknimódels í excel þannig að nú liggur fyrir fyrsta greining á samþykktum ársreikningi sveitarfélagsins. Að beita módelinu á fjárhagsáætlanir bíður frekari þróunar á „mælitölu barnvænna fjármála“ á vegum UNICEF.

Aðgerð 17: Skoða hvar tengiliður barna verður staðsettur innan stjórnkerfisins

Markmið aðgerðar:
Að skoðað yrði hvar væri best að staðsetja tengilið barna innan stjórnkerfisins.

Umsjón:

Ákvörðun innan stjórnsýslunnar.

Verkþættir:

Ræða og finna út frá reynslu á innleiðingartíma hvar væri best að staðsetja tengilið barna innan stjórnkerfisins.

Staða aðgerðar:

Þegar viðurkenningarferli hjá UNICEF lýkur er formlegu innleiðingarferli lokið og þá tekur við að halda við því sem þegar hefur verið gert og byggja ofan á það starf auk þess að halda áfram að nýta niðurstöður nýrra kortlagninga til að tryggja réttindi barna innan sveitarfélagsins. Gert ráð fyrir að verkefnastjóri íbúatengsla taki við því hlutverki að vera tengiliður barna. Gert er ráð fyrir að

starfshlutfall tengiliðs barna verði 30% í verkefnum er lúta að Barnasáttmála í samræmi við það sem komið hefur fram á fundum UNICEF um verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Endanleg starfslýsing tengiliðs barna liggur ekki fyrir en helstu verkefni tengiliðs barna verða m.a.:

- Almenn umsjón með vinnu er lýtur að réttindum barna skv. Barnasáttmála.
- Fylgist með framgangi aðgerða er varða réttindi barna skv. lokaskýrslu fyrsta áfanga.
- Verkstýring á nýrri kortlagningu og endurmati starfsins fram til þessa.
- Verkstýring á gerð nýrrar aðgerðaráætlunar.
- Umsjón með samráði við börn og ungmenni í sveitarfélaginu.

Tímaáætlun:

Gert var ráð fyrir að starfshlutfall tengiliðs barna yrði til um það leiti sem bærinn fer í vottunarferli UNICEF.

Mæling:

Hér var gert ráð fyrir að niðurstaða vinnuhóps um staðsetningu tengiliðs barna lægi fyrir. Starfsheitið tengiliður barna hefur þegar verið skilgreint og gert er ráð fyrir að það verði 30% starfshlutfall af starfi verkefnastjóra íbúatengsla. Tengiliður barna tekur við nýju hlutverki þegar vottunarferli með UNICEF hefur verið lokið.

Aðgerð 18: Alþjóðleg tengsl

Markmið aðgerðar:
Að skapa tækifæri fyrir börn í Kópavogi til að vera í auknum tengslum við börn annars staðar í heiminum. Þessi aðgerð kemur til af eftirfarandi tillögu ungmennaþings: „Fræða meira um það sem er að gerast í heiminum í kringum okkur.“

Umsjón:

Tengiliður barna, auk annarra starfsmanna, þegar tengiliður barna hefur tekið við verkefninu.

Verkþættir:

Hér er á ferðinni mjög opið verkefni sem ekki var fullmótað við gerð fyrstu aðgerðaáætlunar.

Staða aðgerðar:

Stefnt var að því að skoða möguleika á auknum alþjóðlegum tengslum milli barna og ungmenna í Kópavogi og barna og ungmenna víðsvegar um heiminn, svo sem tengsl við börn og ungmenni í þróunarríkjum þar sem ungmenni hjálpast að við innleiðingu heimsmarkmiða eða tengsl við önnur hátekjuríki t.d. samstarf í umhverfis- og loftlagsmálum. Á tímum heimsfaraldurs eins og Covid-19 er ekki auðvelt að vinna að slíkum málum og því hefur gangurinn í þessari aðgerð ekki verið hraður.

Það er þó ýmislegt í gangi þegar kemur að alþjóðlegum tengslum, t.d. er einn grunnskólanna UNESCO skóli í samstarfi við erlenda skóla. Tveir framhaldsskólar og tveir grunnskólar á Íslandi eru þátttakendur í UNESCO skólanetinu og er annar grunnskólinn í Kópavogi. Mikil tækifæri eru fólgin í því að vera hluti af þessu alþjóðlega tengslaneti og geta skólarnir valið að vinna með vinaskólum um allan heim. Árlega taka samstarfsskólarnir þátt í „Heimsins stærstu kennslustund“[17].

Margir leikskólanna hafa styrktarbörn í efnaminni ríkjum sem þau eru í sambandi við með bréfum og tölvupóstum. Til að mynda þá var einn af leikskólum bæjarins í sambandi við leikskóla í þorpinu Bashay í norður Tanzaníu. Tekið var myndband af börnunum að leik, bæði á Íslandi og Tanzaníu þar sem söngur þeirra var spilaður undir. Þau skiptust þannig á upplýsingum um hvernig umhverfi þeirra er og hvernig leikir þeirra fara fram. Á báðum leikskólum var mikil gleði og forvitni að fá að sjá aðstæður, söng og leik í fjarlægu landi en báðum barnahópum var sýnt á korti hvar löndin tvö eru í heiminum.

Menningarhús Kópavogs hafa nýhafið þriggja ára alþjóðlegt samstarfsverkefni undir heitinu Vatnsdropinn. Íslensk börn á aldrinum 9-12 ára úr nokkrum skólum í Kópavogi taka þátt í verkefninu en samstarfssöfnin eru Múmínálfasafnið í Tampere í Finnlandi, H.C. Andersen safnið í Óðinsvéum í Danmörku og Ilon’s Wonderland safnið í Haapsalu í Eistlandi. Meginstef Vatnsdropans er að tengja saman boðskap Barnasáttmálans og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við sígild skáldverk barnabókahöfunda. Fyrstu skref Vatnsdropans er þátttökuverkefnið „Ungir sýningarstjórar“ en það eru börn á aldrinum 9 til 12 ára frá þessum samstarfslöndum sem eru valin til að vera í sýningarstjórn og framkvæma verkefnið. Þannig hafa börnin bein áhrif á vinnusmiðjur, sýningar og viðburði. Vegna Covid-19 hafa börnin þurft að undirbúa verkefnið og funda hvert frá sínu heimalandi í gegnum Internetið. Sýningin opnar formlega í júní 2021.

Tímaáætlun:

Ekki var sett inn tímasetning þessarar umfangsmiklu aðgerðar í fyrstu aðgerðaáætlun enda var litið sem svo á að hér væri á ferðinni nýsköpunarverkefni og að bærinn myndi með tíma auka tækifæri barnanna í sveitarfélaginu til að svara þeirri hugmynd sem kom fram á ungmennaþingi að aðstoða þau við að fá tækifæri til að kynnast betur umheiminum og fá tækifæri til samstarfs. Afleiðingar Covid-19, þar sem íbúar heimsins hafa verið einangraðir heima hjá sér svo vikum og mánuðum skiptir, hafa ekki verið til þess fallnar að hjálpa til í þessu verkefni. Gert er ráð fyrir að frekari vinna verði tengd þessari aðgerð í næstu aðgerðaáætlun og þá væntanlega afmarkaðri.

Mæling:

Mæling átti að vera niðurstöður vinnuhóps. Vinnuhópur hefur ekki verið skipaður vegna aðstæðna sem lýst hefur verið hér að ofan en ýmis verk hafa þó verið unnin tengd deildum, starfsfólki og stofnunum bæjarins s.s verkefni Náttúrufræðistofu Kópavogs sem getið er um í aðgerð 12.

[17] http://worldslargestlesson.com/

Barnaskýrsla Ungmennaráðs Kópavogs.

Vegna innleiðingar Barnvæns sveitarfélags í Kópavogi!

Ungmennaráð Kópavogs hefur tekið þátt í þó nokkrum stigum verkefnis Kópavogsbæjar vegna stefnu þeirra í átt að barnvænu samfélagi. Ungmennaráð stóð fyrir ungmennaþingi bæði árið 2019 og árið 2020. Vegna aðstæðna Covid-19 árið 2020 stóðu fulltrúar fyrir opnum fundi í sínum skóla/félagsmiðstöð, ungmennahúsi og Menntaskólanum í Kópavogi. Ungu fólki var boðin þátttaka þar sem bæði ungmennaþingið og opnir fundir voru vel kynntir fyrir öllum. Ungmennaráð sá um allt skipulag og undirbúning bæði á ungmennaþingi og opnum fundum, fulltrúar ungmennaráðs stýrðu umræðuhópum og tóku saman niðurstöður. Árið 2020 ákvað ungmennaráð að bjóða þátttakendum að skila hugmyndum rafrænt varðandi ákveðin málefni sem fulltrúar ráðsins höfðu sammælst um að ræða á opnum fundi ungmennaráðs. Þetta var gert til þess að mæta þeim sem ekki sáu sér fært að mæta á staðinn. Bæði árin áttu svo fulltrúar ungmennaráðs fund með Bæjarstjórn Kópavogsbæjar. Á þeim fundum ræddu fulltrúar ráðsins ákveðnar tillögur sem þau höfðu tekið saman að loknu ungmennaþingi og opnum fundum ráðsins til umræðu við bæjarstjórn. Formaður ungmennaráðs stýrði fundunum og fulltrúar ungmennaráðs fengu að sitja í sætum bæjarfulltrúa, það var gert til þess að fulltrúar fengu tilfinningu fyrir því hvernig bæjarstjórnarfundir fara fram. Tillögur sem ungmennaráð kom fram með voru settar í ákveðinn farveg til frekari úrvinnslu og kynntar fyrir ungmennaráði. Ein af tillögum ungmennaráðs árið 2019 var sumaropnun félagsmiðstöðva, sem er gaman að segja frá að var samþykkt í fjárhagsáætlun 2020 og munu sumaropnanir félagsmiðstöðva halda áfram sumarið 2021. Á árlegum fundi bæjarstjórnar og ungmennaráðs hafa fulltrúar ráðsins gefist kostur á að koma málefnum er snertir ungt fólk hvað helst á framfæri til bæjarstjórnar. Ungmennaráð hefur litið fundina jákvæðum augum og telur gott tækifæri fyrir ungt fólk til frekara samtals við bæjarfulltrúa.

Ungmennaráð átti líka sitjandi fulltrúa í stýrihóp innleiðingu Barnasáttmálans árið 2018. Það er okkar upplifun að með innleiðingu barnvæns samfélags hefur ungmennaráð fengið oftar mál á borð sitt til umfjöllunar og umsagnar. Það er ánægjulegt að skoðanir ungs fólks fá meira gildi og álit, en það má alltaf gera betur. Í lokaskýrslu barnasáttmálans í aðgerð 3 sem snýr að þátttöku barna, er ánægjulegt að sjá að með samantekt frá þeirri vinnu hafa orðið til hugmyndir að verkferli sem tengist Barnaþingi. Stefnt er að innleiða barnaþing í grunnskóla Kópavogs haustið 2021 og svipar til fyrirkomulags ungmennaþings sem ungmennaráð hefur staðið fyrir undanfarin þrjú ár. Jafnframt var gaman að sjá að leitað var eftir áliti fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í þessari vinnu, en ungmennaráð telur afar mikilvægt að leitað sé markvissra leiða til að ná til allra hópa barna og ungmenna. Við skipulag til dæmis ungmennaþings í ár verður öllum þátttakendum boðið að skila hugmyndum rafrænt um þau málefni sem fulltrúar ráðsins munu ræða á opnum fundum. Gætt verði að því að hafa þau skjöl sem send verða út bæði á íslensku og ensku.

Ungmennaráð fagnar þeirri góðri vinnu og samstarfi sem liggur á bakvið innleiðingu Barnasáttmálans í Kópavogi. Unnið hefur verið vel að aðgerð 3 og 4, að leita markvisst eftir viðhorfum barna og ungmenna og með uppsetningu tilkynningarhnapps til barnaverndar á heimasíðu bæjarins og spjaldtölvum nemenda í 5.-10.bekk geta börn lýst líðan sinni, áhyggjum eða aðstæðum og óskað eftir aðstoð frá barnavernd fyrir sig sjálf eða önnur börn. Í aðgerð 5 mættu fulltrúar ungmennahúss á fundi til að ræða hugmyndir Geðræktarhúss og í aðgerð 8 hefur nú hafist tilraunaverkefni í völdum skólum í Kópavogi þar sem nemendur í 10.bekk geta núna óskað eftir samtali við skólasálfræðing milliliðalaust, en

ungmennaráð hefur talað fyrir meira aðgengi ungs fólks að sálfræðiþjónustu. Allt eru þetta skref í rétt átt til að tryggja rödd barna og velferð.

Með vinsemd og virðingu

Fulltrúar Ungmennaráðs Kópavogs

Lokaorð

Mikið hefur áunnist frá því að innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hófst hjá Kópavogsbæ. Bærinn hefur gefið sér góðan tíma í starfið og tekið þátt í nokkrum þróunarverkefnum í samstarfi við UNICEF, félagsmálaráðuneytið og fleiri aðila frá því bæjarstjórn ákvað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Kópavogsbæ. Samstaðan er mikil og þótt innleiðingin hafi tekist vel fram til þessa, þá er hér um að ræða verkefni sem stöðugt þarf að skoða, endurmeta og hlúa að. Tengiliður barna mun taka við verkefninu og vinna það áfram í samstarfi við börn, ungmenni, foreldra, starfsfólk og aðra hagaðila.